

Tími til að klippa runnana

• fasteignir • hús

í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Dyggur Liverpool- aðdáandi

• skírði frumburðinn í höfuðið á Owen

SÍÐA 30 ▶



uppgríp
Morgunmatur
Samloka & gos 380 kr.
olis



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. febrúar 2005 – 57. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VISIR

MÁNUDAGUR



EFTIR LÚDRABLÁSTUR Formaður Vinstri grænna telur ESB-umræðuna hugsanlega skilaboð um breytt stjórnarmynstur á næsta kjörtímabili. Formaður Samfylkingarinnar telur sjálfstæðismenn móta stefnu framsóknarmanna í Evrópumálum. **Sjá síðu 4**

ALLT BRANN SEM BRUNNIÐ GAT Fjögurra manna fjölskylda er heimilislaus eftir eldsvoða í Breiðholti á laugardag. Fjölskyldan hafði flutt inn fyrir daginn. Slökkviliðið segir aðstæður hafa verið mjög erfiðar. Eldsupptökin liggja ekki fyrir en rannsókn beinist að rafmagni. **Sjá síðu 6**

VERÐSTRÍÐ Í UPPSIGLINGU Bónus og Krónan lækkuðu verð um helgina. Teikn eru á lofti um verðstríð milli lágvöruslana. Ekki eru áform um að lækka þjónustustig eða fækka starfsfólki til að ná lægra vöruverði. **Sjá síðu 8**

VEDRIÐ Í DAG

4, 4, 0, -1


NORÐANKALDI EÐA STREKKINGUR OG KALT Í DAG Bjart syðra en lítilsháttar el fyrir norðan og austan. Frost um allt land. **Sjá síðu 4**



VEÐRUN ÍSLANDS Dr. Sigurður Gíslason, vísindamaður á Jarðvísindastofnun Háskólans, flytur klukkan fimm í dag í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskólans, erindi sem nefnist Veðrun Íslands.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	20
Leikhús	26	Sjónvarp	28

Dagblaðalestur á mánudögum*



Framsókn hreyfir við Norðmönnum

Forsætisráðherra Noregs, Kjell Magne Bondevik, segir Evrópustefnu Framsóknarflokksins hafa áhrif í Noregi. Í samtali við Fréttablaðið segir Bondevik að Norðmenn fylgist grannt með þróun umræðunnar á Íslandi. Aðildarviðræður séu á dagskrá Norðmanna í fyrsta lagi árið 2007.

EVROPUMÁL Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, segir að ályktun Framsóknarflokksins um Evrópumál muni hafa mikil áhrif á umræðuna um aðild að Evrópusambandinu í Noregi.

„Ályktun flokksþings framsóknarmanna um að kanna frekar aðild að Evrópusambandinu mun hafa áhrif á umræðuna á Íslandi um Evrópusambandið, sem mun hafa áhrif á umræðuna í Noregi,“ segir Bondevik í samtali við Fréttablaðið.

„Eins og stendur er það ekki á dagskrá hjá okkur að hefja aðildarviðræður vegna þess að við erum mjög sáttt við EES-samninginn, sem hentar okkar efnahagslífi mjög vel. Við viljum bíða og sjá hver útkoman verður úr þjóðaratkvæða-

greiðslum Evrópuríkjana um stjórnarskrá Evrópusambandsins áður en við förum að skoða hugsanlegar aðildarviðræður,“ segir Bondevik.

Hann segir að ef ákveðið verði í Noregi að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið muni það ekki gerast fyrir en á síðari hluta næsta kjörtímabils, á milli 2007 og 2009.

„Ef við ákveðum að efna til nýrrar þjóðaratkvæðagreiðslu í Noregi um aðild að Evrópusambandinu, sem mun verða sú þriðja, verðum við að vita nákvæmlega hvers

við erum að taka afstöðu til. Auk þess að sjá útkomuna varðandi stjórnarskrána er nauðsynlegt að sjá hvaða áhrif inntaka nýju aðildarríkjana tíu frá því í maí hefur á stöðu smárikja og meðalstórra ríkja í Evrópusambandinu. Við viljum sjá hver reynslan af þessari stækkun verður,“ segir Bondevik.

„Við fylgjumst með umræðunum um Evrópumál á Íslandi af áhuga og ég held að Íslendingar fylgist með umræðunum í Noregi því þjóðirnar reida sig hvor á aðra í þessu sjónarmiði. Ef

annað landið sækti um aðild myndi hefjast umræða um aðild í hinu landinu því hvorugt landanna myndi vilja vera í þeirri stöðu að vera eina landið ásamt Liechtenstein í Evrópska efnahagssvæðinu,“ segir Bondevik.

Hann segir ályktun Framsóknarflokksins ekki síst áhugaverða í ljósi þess að hugsanlega gætu breytingar orðið á ríkisstjórn Íslands í næstu alþingiskosningum. „Ef Framsóknarflokkurinn fer í ríkisstjórn með Samfylkingunni eftir næstu kosningar er ljóst að viðhorf íslensku ríkisstjórnarinnar til aðildar að ESB gæti breyst. Það hefði veruleg áhrif á umræðuna hér í Noregi,“ segir Bondevik.

- sða

sjá síðu 4, 6, 14 og 15.



FORYSTA FRAMSÓKNARFLOKKSINS ENDURKJÖRIN Halldór Ásgrímsson fékk tæp 82 prósent atkvæða á flokksþingi framsóknarmanna í gær. Hann fékk um 92 prósent í síðasta formannskjöri. Siv Friðleifsdóttir var endurkjörin ritari flokksins og Guðni Ágústsson varaformaður. Þau lýstu öll yfir mikilli ánægju með kosninguna. Siv sagðist hræð yfir stuðningnum.

Vill Reykjavíkurflygvöll burt: Vatnsmýrin 200 milljarða virði

SKIPULAGSMÁL Vatnsmýrin væri 200 milljarða króna virði ef flygvöllurinn væri lagður niður og byggt á svæðinu, að sögn Arnar Sigurðssonar arkitekts.

„Þetta byggist allt á því hvesu mikið landið er nýtt. Þessi tala miðast við höflega nýtingu sem gerir ráð fyrir 42 þúsund íbúum og störfum á svæðinu,“ segir Örn. Reykjavíkurborg á tvo þriðju af lóðum í Vatnsmýrinni en ríkið þriðjung.

Vill Reykjavíkurflygvöll burt:

Örn segir að beinar tekjur af lóðunum yrðu 90 milljarðar króna. Hækkun á fasteignamati í nágrenninu myndi skila öðrum 90 milljörðum og tuttugu milljarðar myndu sparast á því að ekki þyrfti að byggja nýtt útivistarsvæði. Örn segir þessa útreikninga miða við vísindalega vinnu tveggja stúdenta í verkfræðideild Háskóla Íslands. „Þeir unnu lokaverkefni í fasteignaverkefni og þar koma

áhrifin á umhverfið vel fram, en hingað til höfum við aðallega horft á lóðaverðið. Við gerðum okkur til dæmis ekki grein fyrir verðmæti útivistarsvæðanna,“ segir Örn.

Örn bendir á að til séu aðrar hugmyndir sem geri ráð fyrir meiri nýtingu Vatnsmýrarinnar þar sem heildarverðmætið yrði allt að 250 til 300 milljarðar króna.

Írösk telpa: Hrifin af páfanum

RÓM, AP Þegar Diar litla, fjögurra ára gömul telpa frá Írak, sá mynd af Jóhannesi Páli páfa í sjónvarpinu varð hún afar glöð og kvaðst vilja þakka honum fyrir að mótmæla stríðinu í Írak.

Sökum fjarlægðarinnar er slíkt yfirleitt erfitt fyrir írösk börn en fyrir Diar gæti þetta verið möguleiki.

Diar og páfi dvelja nefnilega bæði á Gemelli-sjúkrahúsinu í Róm. Hún missti fótleggina í sprengingu í Írak og var flutt á sjúkrahúsið til lækninga en páfinn jafnar sig þar eftir aðgerð á hálsi. ■

VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU

Priðjudagar
Immingham / England

591 3000



SPURNING DAGSINS

Þorvaldur Bjarni, er Idol ekki við hæfi barna?

„Það er sérstaklega við hæfi barna.“

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson er dómari í Idol-keppninni en á föstudag vísaði lögregla ungum Idol-áðdáendum af Idol-kvöldi á vinveitingastaðnum Bragganum á Hólmavík.

Fastráðnir í Þjóðleikhúsinu:

Tinna tilkynnir uppsagnir í dag

ÞJÓÐLEIKHÚS „Mér finnst aðferðin við þetta rýra gildi manns sem leikara,“ segir Brynhildur Guðjónsdóttir, sem er einn þeirra tíu fastráðnu leikara við Þjóðleikhúsið sem hafa stýtan starfsaldur og verður sagt upp fyrir vikið.

Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri hefur boðað til fundar með öllum fastráðnum leikurum leikhússins og er gert ráð fyrir að á fundinum skýrist hverjum verði sagt upp, hverjir verði ráðnir aftur og á hvaða forsendum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins liggja fyrir nöfn átta leikara sem verður sagt upp. Þeir eru Brynhildur og eiginmaður hennar Atli Rafn Sigurðarson, Þórunn Lárusdóttir, Rúnar Freyr Gíslason, Kjartan Guðjónsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir og Sólveig Arnarsdóttir.

„Við sem erum á „drekalistanum“, eins og við köllum þetta okkar á milli, höfum sammælt um að biða með að gefa yfirlýsingar þar



BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR OG SÓLVEIG ARNARSDÓTTIR

Báðar eru þær meðal þeirra tíu leikara sem stýtan starfsaldur hafa í Þjóðleikhúsinu en þær hafa báðar verið áberandi í burðarhlutverkum í leikhúsinu.

til eftir fundinn með Þjóðleikhússtjóra,“ segir Sólveig. Við viljum fá betri upplýsingar um til dæmis grundvöllinn að þessum uppsögnum, hverjir verða ráðnir aftur og á hvaða forsendum.“

- bs

Flensufaraldur:

Fleiri dauðsföll en oft áður

HEILBRIGÐISMÁL Grunur leikur á að influensan sem gengið hefur yfir landið hafi valdið fleiri dauðsföllum meðal eldri borgara en almennt gerist þegar influensa geisar.

„Það verða alltaf umframdauðsföll þegar flensa geisar en við höfum grunsemdir um að þau hafi verið fleiri núna en oft áður,“ segir Haraldur Briem sóttvornarlæknir.

Haraldur segir ekki liggja fyrir hversu margir kunni að hafa látist af völdum flensunnar en verið sé að kanna málið. „Við mælum með bólusetningum og þá sérstaklega hjá starfsfólki á heilbrigðisstofnum.“

- bs

Raðmorðingi í Kansas: Gripinn þrjátíu árum seinna

KANSAS, AP Lögreglan í Wichita í Kansas-ríki í Bandaríkjunum handtók um helgina Dennis nokkurn Rader en hann er grunaður um að hafa myrt í það minnsta tíu manns á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Skelfing ríkti í Wichita á árunum 1974-1986 þegar óþekktur raðmorðingi kyrkti tíu manns. Hann sendi fjölmiðlum bréf undirrituð BTK sem stendur fyrir binda-pynta-drepa (bind-torture-kill) en málið náði aldrei að upplýsast. Á þessu ári tók hann aftur að senda slík bréf og nú með munum úr eigin fórnarlambanna. Talið er að lögreglan hafi haft upp á Rader með aðstoð erfðataekni. ■



NÁMSMÖGULEIKAR KANNAÐIR

Skeggrætt af miklum móð í hugvísinda-deild Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands: Vinsæl námskynning

NÁM Mikið var um dýrðir í Háskóla Íslands á sunnudag þegar ellefu deildir Háskólans kynntu námsframboð sitt og rannsóknarverkefni á Háskólasvæðinu, bæði í grunn- og framhaldsnámi. Fjölmargar nýjungar eru í boði á komandi námsári og möguleikar til samsetningar náms nánast óþrjótandi.

Námskynning á Háskólasvæðinu hefur undanfarnin ár verið gríðarvel sótt. Það er í samræmi við stöðuga fjölgun nemenda í háskólanám og því margir námsfúsir sem nutu þess nú að fá kost á persónulegum upplýsingum frá kennurum og nemendum skólans.

- þlg

Allt brann sem brunnið gat

Fjögurra manna fjölskylda er heimilislaus eftir eldsvoða í Breiðholti á laugardag. Fjölskyldan hafði flutt inn fyrr um daginn. Slökkviliðið segir aðstæður hafa verið mjög erfiðar. Eldsupptökin liggja ekki fyrir en rannsókn beinist að rafmagni.

ELDSVOÐI „Liðan okkar er eftir aðstæðum, mér og konunni hefur ekki komið dúr á auga eftir þetta,“ segir Hjálmar Diego Haðarson, heimilisfaðir að Rjúpufelli 22, sem horfði á heimili sitt brenna í fyrirkvöld. „Þetta átti að vera fyrsta nóttin okkar á nýja heimilinu þannig að þetta var eins ómurelegt og hugsast getur,“ segir Hjálmar, sem ætlaði að flytja inn ásamt konu sinni og tveimur börnum.

Fjölskyldan hafði nýlega keypt raðhúsið og eytt drjúgum tíma í að gera það upp og var nýbúin að mála það allt að innan. Á laugardagskvöld var fjölskyldan úti að borða þegar hringt var í Hjálmar og honum sagt að kviknað væri í húsinu. Hann kom að húsinu í ljósum lögum. Það eina af munum fjölskyldunnar sem bjargaðist var fjórir kassar sem átti eftir að fara með í húsið. Hjálmar segir of snemmt að segja hvað tæki við. „Við tókum bara einn dag fyrir í



EFTIR BRUNANN

Húsið er mikið skemmt og eldurinn eirði fáu innanhúss.



HORFIR Á HEIMILIÐ BRENNA

Hjálmar ræðir við lögreglumann á vettvangi á meðan á eldsvoðanum stendur.

einu og vitum ekki hvað tekur við.“ Fjölskyldan býr hjá aðstandendum um sinn.

„Það var verulega heitt þarna og við áttum í erfiðleikum með að komast inn sökum hita. Það brenndist einn maður frá okkur lítillaga þegar hann reyndi að komast inn,“ segir Höskuldur Einarsson, stöðvarstjóri slökkviliðsins. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður gekk vel að slökkva eldinn. „En íbúðin var mikið brennd og flestir innanstokksmunir brenndir,“ segir Höskuldur. Reykur barst í

aðliggjandi íbúð og þurfti að reyk-ræsta hana en Höskuldur segir að ekki hafi verið hætta á að eldurinn breiddist út í aðrar íbúðir.

Að sögn lögreglu liggur ekki fyrir hver eldsupptökin voru en eldhúsið og stofan eru mjög mikið hafi orðið þar inni. Nýbúin var að leggja rafmagn í húsið og horfa rannsakendur helst til þess að eldurinn hafi kviknað út frá rafmagni þó ekki sé hægt að slá neinu föstu að svo stöddu.

hrs@frettabladid.is

Danir gagnrýna nýja eigendur verslunarkeðjunnar Magasin:

Versluninni í Álaborg lokað

VÍDSKIPTI Ákveðið hefur verið að loka Magasin-vörðhúsinu í Álaborg en fyrirtækið er í meirihlutaeigu íslenskra fjárfesta og er Baugur þeirra stærstur. Í tilkynningu sem stjórn Magasin sendi frá sér á föstudagskvöldið segir að afkoma útibúsins í Álaborg hafi lengi verið óviðunandi og engar líkur á að úr henni rætist. Húsaleigusamningi hefur verið sagt upp og verður versluninni lokað 31. júlí næstkomandi. 65 manns missa vinnuna.

Birgir Þór Bieltvedt, einn íslensku fjárfestanna, segir að miklar endurbætur fari senn í hönd á húsnaði verslunarinnar í Álaborg og talsvert rask hafi því verið fyrirsjáanlegt á starfsemi. Þegar ljóst varð að ekki næðist samkomulag um nýjan leigusamning var ákveðið að segja honum upp.

Þótt uppsagnirnar hafi verið gagnrýndar í dönskum fjölmiðlum



BIRGIR ÞÓR BIELTVEDT

Slæm afkoma og fyrirsjáanleg röskun á starfsemi vegna framkvæmda eru orsakir lokunar Magasin-verslunarinnar í Álaborg.

óttast Birgir ekki að orðspor fyrirtækisins bíði hnekk. „Við erum einfaldlega að hagræða. Þetta er eining sem við teljum að muni ekki ganga vel miðað við núverandi forsendur.“

Hins vegar getur vel verið að við skoðum Álaborg seinna. Við munum kappkosta að útvega þessu fólki sem var sagt upp störf í öðrum búðum.“

- shg

Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur

Verð áður 2.790.000
Verð nú 2.590.000

=200.000

króna gengishagnaður

LEGACY

Verð á mán 29.956,-*

Ingvar Helgason Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Blasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innbætur og eftirstöðvar í 64 mánuði



FARÐU ÚT Á VILDARPUNKTUM

Viltu komast í hóp þeirra tugþúsunda VISA korthafa sem fara í Vildarferðir með Icelandair? Þú safnar Vildarpunktum í hvert skipti sem þú notar Vildarkort VISA og Icelandair hér heima. Ert þú ekki örugglega að safna? Kannaðu málið á www.visa.is/vildarkort til að vera viss.



TIL ÍTALÍU Á VILDARPUNKTUM

FENGUM EKKI TÍMA Í TURNINUM!

Ítalía er í miklu uppáhaldi hjá okkur og síðast þegar við fórum þá völdum við strandbæinn Forte dei Marmi á Norð-vestur Ítalíu. Við flugum til Milanó og notuðum Vildarpunkta fyrir krakkana. Okkur fannst það heillandi tilhugsun að eyða fríinu á þægilegum stað í um hálf tíma akstursfjarlægð frá Pisa. Við vorum búin að lofa krökkunum að fara uppí skakka tuminn, en í raun er ótrúlegt að turninn skuli standa uppi miðað við hvað hann hallar mikið. Því miður fengum við ekki að fara upp í turninn þennan dag, því það varð að panta sér tíma með dags fyrirvara! En krakkarnir voru ánægðir enda er ítalski jógúrtísinn frábær sárabót í sumarhitum Ítalíu.



	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	60,75	61,05
Sterlingspund GBP	115,94	116,50
Evra EUR	79,98	80,42
Dönsk króna DKK	10,75	10,81
Norsk króna NOK	9,68	9,73
Sænsk króna SEK	8,81	8,86
Japanskt jen JPY	0,58	0,58
SDR	XDR	92,61 93,17

Gengisvísitala krónunnar
109,70 -0,28%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Fyrstu tveir mánuðir ársins:

Enginn látist í bílslysum

BANASLYS Það sem af er ári hefur enginn látist í bílslysum á þjóðvegum landsins. Banaslysið sem varð þegar maður fór fram af hengju á vélsleða á Landmannaleið fyrir í mánuðinum telst til umferðarslysa, þar sem um vélknúð farartæki var að ræða. Eru vegfarendur á Helliðshöfði minntir á dauða vélsleðamannsins á skiltinu ofan við Litlu kaffistofuna, þar sem nú stendur að einn hafi látist í umferðinni á árinu.

Slysið þar sem íslensk kona lést í bílslysi á Kanaríeyjum fyrir í mánuðinum telst ekki með, því líkt og hérlendis gilda sömu reglur og þegar útlendingar láta lífið í umferðinni á Íslandi, mannlát er

talið með í tölfræði þess lands. Sigurður Helgason hjá Umferðarstofu segir að þótt hvert einasta banaslys sé hörmulegur atburður hafi nýja árið verið gott þegar kemur að banaslysum. „Það hefur áður gerst að tveir og jafnvel upp í fjórða mánuð hafi liðið án banaslysa í umferðinni. Yfirleitt eru júlí og ágúst langverstu mánuðirnir, en í slæmum aðstæðum að vetri til fara ökumenn sér hæggar, sem skilar sér í færri slysum,“ segir Sigurður og beinir þeim orðum til ökumanna landsins að fara ætíð með mestu gát þegar þeir setjast undir stýri og bera þá miklu ábyrgð að stýra bifreið. ■



SLYSÁVETTANGUR
Banaslysín eru oft flest á sumrin, þegar aðstæður eru sem bestar.

Ríkislögreglustjóri: Starfsemi Wilke skoðuð

VINNUMARKAÐUR Vinnumálastofnun og Ríkislögreglustjóraembættið hafa til skoðunar starfsemi lettlesku konunnar Ilonu Wilke hér á landi.

Hún er talin reka fyrirtækið Víslandia í Lettlandi og vera frumkvöðullinn að sölu á vinnuafli frá Lettlandi og Litháen sem þjónustu hér á landi síðustu misseri.

Wilke hefur tímabundið atvinnuleyfi hér á landi en Viðskiptanetið í Þverholti 21 í Reykjavík sótti um atvinnuleyfi fyrir hana sem þýðanda í fyrria. Wilke hefur hins vegar verið í Lettlandi og sent þaðan starfsmenn hingað til lands. - ghs

Banaslys í Sandgerði: Fannst látinn í höfninni

LÖGREGLUMÁL Maður á áttæðisaldri fannst látinn í Sandgerðishöfn um klukkan hálf tvö að faranótt sunnudags.


Maðurinn hafði verið að vinna við trillu í höfninni á laugardaginn og var saknað þegar kvöldaði. Þjörgunarsveitir í Sandgerði og Garði voru kallaðar út til leitar að manningum um miðnætti. Ekki er vitað um tildrög þess að maðurinn lenti í sjónum. Ekki er hægt að greina frá nafni hans að svo stöðu. -þlg



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
Formaður Vinstri grænna veltir því fyrir sér hvaða áhrif ályktun framsóknarmanna um ESB-málin hafi á stjórnarstefnuna.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
Formaður Samfylkingarinnar telur sjálfstæðismenn komast upp með að móta ESB-stefnu Framsóknarflokksins.



SABAWI AL-HASSAN
Hann var númer 26 á lista Bandaríkjamanna yfir eftirlýsta Íraka.

Egilsstaðir: Táragas á ofstopamenn

LÖGREGLUFRETTIR Lögreglan á Egilsstöðum þurfti að beita táragasi á tvo aðkomumenn sem létu öllum illum látum á skemmtistöðum bæjarins að faranótt sunnudagsins.

Voru mennirnir vel við skál og slógust við heimamenn og þrjá lögreglumenn þegar verst var. Engin slysn urðu á fólki, en ofstopamennirnir línntu ekki látum fyrr en þeir höfðu misst sjónina tímabundið af völdum gassins. Þeir voru færðir í fangaheimslur til að sofa úr sér vímunu og bræðina. -þlg

VATÍKANÍÐ

PÁFI AÐ HRESSAST Jóhannes Páll II páfi sýndi sig óvænt í gær þegar hann blessaði út um glugga mannfjölda sem safnast hafði saman fyrir utan sjúkrahúsið sem hann dvelur á. Páfi sagði ekkert heldur benti á háls sinn til merkis um að hann gæti ekki talað en hann undirgekkst skurðaðgerð á dögnum.

Eftir lúðrablastur er flokkurinn stefnulaus

Formaður VG telur ESB-umræðuna hugsanlega skilaboð um breytt stjórnarmynstur á næsta kjörtímabili. Formaður Samfylkingarinnar telur sjálfstæðismenn móta stefnu Framsóknarflokksins í Evrópumálum.

STJÓRN MÁL Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, telur skondið að meginíðurstæða umræðna um Evrópumálin sé að Framsóknarflokkurinn ætli hugsanlega að móta sér stefnu meðan flestir aðrir flokkar hafi skýra stefnu um þau mál.

„Þarna hefur Framsókn fylgt hefðinni, er opin í báða enda og kemur stefnulaus í Evrópumálum út úr þessu þingi. Merkilegast er að eftir mikinn lúðrablastur í upphafi flokksþingsins kom í ljós að innan samstarfsflokksins í ríkisstjórn reis greinilega mikil andstaða gegn þessu hjá Framsókn. Það virðist því sem svo að Sjálfstæðisflokkurinn hafi tekið fram

fyrir hendur Framsóknarflokksins og mótað stefnu hans. Og komist upp með það.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að ályktun um utanríkismál sem samþykkt var á flokksþingi Framsóknarflokksins virki sérkennilega á sig í ljósi þess að formaður flokksins sé forsætisráðherra í ríkisstjórn sem hafi allt aðra stefnu í stjórnarsáttmála en komi fram í ályktuninni.

„Maður veltir fyrir sér hvað þessar áfingar eiga að þýða, hvort þetta hefur þá líka áhrif inn í stjórnarstefnuna og þá nefnd sem er að störfum og fyrrverandi forsætisráðherra skipaði í allgóðu

samkomulagi allra flokka. Maður veltir líka fyrir sér hvort eigi að taka þetta alvarlega,“ segir hann.

„Það er líka spurning um það hvort þeir séu að senda einhver skilaboð til samstarfsflokksins eða hvort þeir séu að undirbúa einhverjar breytingar, jafnvel breytt stjórnarmynstur á næsta kjörtímabili. Það væri nærtækt að láta sér detta það í hug.“

Sólveig Pétursdóttir, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, segir að aðildarumsókn að Evrópusambandinu sé ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar og hún sjái ekki að ályktun framsóknarmanna breyti því að neinu leyti.

ghs@frettabladid.is

Írak: Hálfróðirinn handsamaður

BAGDAD, AP Sýrlensk yfirvöld handtóku í gær hálfróður Saddam Hussein, Sabawi Ibrahim al-Hassan, en hann er grunaður um að hafa fjármagnað hryðjuverk og skæruhernað í Írak eftir að landið var hernumið.

Þegar Saddam var enn við völd var al-Hassan einn af hans helstu ráðgjöfum. Hann sá um öryggismál ríkisins og hefur verið sakaður um pyntingar og pólitískar aftökur. Eftir innrás Bandaríkjamanna fyrir tæpum þremur árum flúði Hassan til Sýrlands en þaðan er hann sagður hafa styrkt uppreisnarmenn. ■

LÖGREGLUFRETTIR

ÁREKSTRAR Á AKUREYRI Fjórir árekstrar urðu í umdæmi lögreglunnar á Akureyri að faranótt sunnudags og á sunnudagsmorgun. Fyrirtaks akstursaðstæður voru í bænnum og öllu árekstrarnir minniháttar tjóni og litlum meiðslum á fólki. Umferð gekk að öðru leyti vel í námgræni Akureyrar og mannlíf sömuleiðis, þrátt fyrir gleði og glaum mannfólksins.

Fiskbúðin VEGAMÓT

RAUÐMAGI

20 kr/stk

Glæný Ýsuflök
Ný lagaður Plokkfiskur
Ný steiktar Bollur

FISKBÚÐIN VEGAMÓT
NESVEGUR 100 • 170 SELTJARNARNES

Veðrið

Í dag

Á morgun

Miðvikudagur

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	-3°C sk.m.köflum	Glasgow	7°C rigning	Oslo	-5°C léttskýjað
London	5°C sk.m.köflum	Stokkholmur	-6°C skýjað	Prag	-5°C skýjað
Paris	1°C sk.m.köflum	Barcelona	6°C léttskýjað	Róm	7°C rigning
Frankfurt	-4°C léttskýjað	Helsinki	-15°C skýjað	Amsterdam	1°C sk. m. köflum

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Skoðaðu nýjan **7 manna** 4x4 fólksbílaþjéppa frá Ford

Veldu Ford Freestyle

Nýjan glæsilegan valkost í stað Subaru Outback

► Við Íslendingar búum við fjölbreytt veður-skilyrði þar sem allra veðra er von. Við kjósum því öryggi í akstri sem endurspeglast meðal annars í vali á fjórhjóladrifnum fólksbílum þegar kemur að bílakaupum eins og t.d. Subaru Outback. Nú geta landsmenn kosið um nýjan og glæsilegan valkost – nýjan flokk bíla – sem við nefnum „fólksbílaþjéppa“ á meðan málfraeðingarnir eru að hugsa: Ford Freestyle.

Freestyle er fyrir þá kröfuhörðu

Ford Freestyle er hannaður fyrir kröfuharða eigendur sem vilja eitthvað annað en þjéppa, þjéppinga eða fjórhjóladrifna station-bíla. Ford Freestyle er eitthvað annað og meira – hann er líka svolítið „frístæl“ – rúmgóður, öflugur og vel búinn fólksbílaþjéppi með sæti fyrir allt að sjö manns. Góður valkostur fyrir fjölskyldufólk sem hefur áhuga á útivist - velur öryggi, hagkvæmni og þægindi umfram allt annað, nema auðvitað 100% þjónustu umboðsaðila. Komdu í Brimborg.

Með hæstu mögulega einkunn

Freestyle er fullvaxinn og sterkbyggður fólksbílaþjéppi sem hlotið hefur hæstu mögulega einkunn í árekstrarprófi NHTSA (National Highway Traffic Safety Administration) í Bandaríkjunum – bæði fyrir högg á framenda og hliðar. Geri aðrir betur.

Ótrúlegt rými

Hönnun Freestyle tekur ekki aðeins mið að þörfum ökumanns heldur allra sætisfarþega. Gott rými einkennir Freestyle. Í Freestyle sitja farþegar uppréttir, hátt er til lofts og stjórn-tækjum ökumanns er öllum haganlega vel fyrir komið og innan seilingar. Þannig verður

sérhver för ánægjan ein, afslöppuð, örugg og þægileg – fyrir alla. Enginn situr útundan og í flutningum fellir þú hvert og eitt sæti niður að vild. Þegar sæti hafa verið lögð niður blasir við flatt gólf – allt frá fremstu sætisröð að afturhlara. Þrátt fyrir þrjár sætaraðir er farangursrými aftast mikið meira en í mörgum öðrum bílum. Aðgengi að öftustu sætarað er auðvelt. Prófaðu Ford Freestyle.

Afl og tækninýjungar

Ameríska aflið er til staðar í Freestyle. Duratec V6 vélin skilar 203 hestöflum og togar 280 Nm. Vélin er hljóðlát en tekur hraustlega á þegar á þarf að halda. Freestyle er einnig búinn nýrri og fullkominni orkusparandi CVT stíglausri sjálf-skiptingu sem tryggir að billinn skilar nákvæmlega því afli sem óskað er og þarf því aldrei að skipta sér niður eins og hefðbundnar sjálf-skiptingar. Rafeindastýrða Haldex® fjórhjóladrifið með spólvörn vakir yfir ástandi vegar en algjörlega sjálfvirk meta skynjarar veggripið – tapi hjól afli, taka hin hjólin við og aðstoða þig við að halda bílnum stöðugum. Veldu Freestyle.

7 manna 4x4 Ford Freestyle*

Kaupverð	Sjálfskiptur
Freestyle SE 3,0V6	3.680.000 kr.
Freestyle SEL 3,0V6	3.850.000 kr.
Freestyle Limited 3,0V6	4.110.000 kr.
Bílasamningur Lýsingar	
Freestyle SE 3,0V6	43.450 kr.
Freestyle SEL 3,0V6	45.400 kr.
Freestyle Limited 3,0V6	48.490 kr.
Rekstrarleiga Lýsingar	
Freestyle SE 3,0V6	64.450 kr.
Freestyle SEL 3,0V6	67.130 kr.
Freestyle Limited 3,0V6	71.410 kr.

Staðalbúnaður í Freestyle SE:

HALDEX rafeindastýrt fjórhjóladrifskerfi. Spólvörn (Traction control). CVT stíglaus sjálf-skipting. Tvívirk tölvustýrð miðstöð með loftkælingu. Útihitamælir. ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun. Málaðar klæðningar á hliðum. Svartir hurðahúnar. Halogen aðalljós. Talnalás og sjálfvirk læsing. Fjarstýrð samlæsing. Rafstýrðir aðfellaðlegir speglar. Rafstýrðar rúður. Langbogar á þaki. Álfelgur (málaðar) 17" 7-ríma og P215/65R17 dekk. 12 volta innstungur x 3. AM/FM útvarp með geislaspilara, útvarpsrásir eru eingöngu á oddatölum. Ljós í farangursrými. Geymsluhöf milli framsæta. Teppamottur í fyrstu og annari sætarað. Sérstaklega dökkt gler í öftustu hliðarrúðum og afturgugga. Læsanlegt hanskahólf. Lesljós fyrir aftari sætaraðir. Afstýri. Litað gler. 7 manna "Theatre-Style" sætaútfærsla. 6 liða rafstillingar á bílstjórásæti. Hraðastillir. Veltistýri. Ljós í sólskyggnum. Stíllanleg hæð á öryggisbeltum. Bílbeltaáminning. Barnalæsingar. Ræsvörn. Öryggisþúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti.

Viðbótarbúnaður í Freestyle SEL, umfram SE:

Bílstjórásæti rafstillanlegt á 8 vegu. Farþegasæti að framan rafstillanlegt á 4 vegu. AM/FM útvarp með 6 diska geislaspilara, MP3 spilara og Premium hljómkerfi. Aksturstövla með áttavita. Leðurklætt stýri og girstangarhnúður. Stillingar í stýri fyrir hljómteki. 3ja sætarað 50/50 skiptanleg og niðurfellanleg í gólf. Samlitir hurðahúnar. Krömuð grillumgjörð. Þokuljós. Samlitir rafstillanlegir upphitaðir útispeglar. SEL merki. Álfelgur 17" 5-ríma og P215/65R17 dekk.

Viðbótarbúnaður í Freestyle Limited, umfram SEL:

Minni fyrir bílstjórásæti og útispegla. Upphitanleg framsæti. Leðurklæði á sætum (vinillaklæði á 3ju sætarað). Samlitir klæðningar á hliðum. LIMITED merking. Viðarklæðning á miðjustokk. Álfelgur 18" 5-ríma og P225/60R18 PIRELLI dekk. Audiophile hljómkerfi með bassakeilu. Farangursnet. Miðjustokkur og fram og aftur færsla á annari sætarað (eingöngu í 6 sæta útgáfu).

Veldu rými, öryggi, hagkvæmni og 100% þjónustu frá Brimborg – öruggum stað til að vera á!

Ford Escape 4x4



XLS 5 dyra 2,3i sjálfskiptur 2.757.000 kr.

Ford Explorer Sport Trac 4x4



XLT 4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur 2.880.000 kr.

Ford Freestyle 4x4



SE 5 dyra 3,0V6 sjálfskiptur 3.680.000 kr.

Ford Explorer 4x4



XLT Sport 5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur 4.074.000 kr.

Ford Expedition 4x4



Eddie Bauer 4x4 5 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur 4.998.000 kr.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk. / 50% erl. myntkarfa. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Blífið á mynd: Ford Freestyle SEL 4x4



KJÖRKASSINN

Fylgistu með fréttum af flokksþingi framsóknarmanna?

Niðurstöður gær dagsins á visir.is

Já	39,5%
Nei	60,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Þarf Ísland að ganga í Evrópusambandið ef Noregur gerir það?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

JAFNRÉTTISVERÐLAUN FRAMSÓKNARFLOKKSINS AFHENT

Sigrún Sturludóttir, Áslaug Brynjólfssdóttir og Sigrún Magnúsdóttir fengu viðurkenningu fyrir störf sín að jafnréttismálum á vegum Framsóknarflokksins. Þær stóðu meðal annars að undirbúningi stofnunar Landssambands framsóknarkvenna.

Ákvæði um hlutfall kynja:

Sigur fyrir jafnréttið

FLOKKSÞING Framsóknarmenn samþykktu á flokksþinginu í gær ákvæði um að hlutur hvors kyns skuli ekki vera lægra en 40 prósent við skipan í trúnaðar- og ábyrgðarstöður innan flokksins, sem og við val á framboðslista. Þetta þýðir meðal annars að taka þarf mið af kynjahlutföllum þegar valið er í ráðherraembætti á vegum flokksins.

„Þetta er ofboðslega stórt skref fyrir jafnréttisbaráttuna í landinu og stór áfangi í stjórn málasögu landsins,“ segir Bryndís Bjarnarson, formaður jafnréttisnefndar Framsóknar-

flokksins. „Þetta er sigur fyrir jafnréttissinna í flokknum,“ segir hún.

„Ég á von á því að aðrir flokkar muni líta til þessa ákvæðis í lögum Framsóknarflokksins og taka það til fyrirmyndar,“ segir Bryndís. Hún sagði að lagabreytingin væri til þess gerð að auka hlut kvenna í stjórn mála. „Breytingin mun gera þeim sem stjórna framboðsmálum og kosningum í stjórnir og ábyrgðastöður auðveldara með að fá konur til að starfa fyrir Framsóknarflokkin,“ segir Bryndís.

- sda

Ný stefnumál afgreidd

FLOKKSÞING Húsnæðismál Allir landsmenn hafi jafnan aðgang Innflytjendamál Fjölmenningsstefnu verði fylgt eftir. Íslenskukennsla fyrir innflytjendur verði stóruakin.

Ættleiðingar Samkynhneigðir njóti sama réttar og gagnkynhneigðir til ættleiðinga. Annarri mismunur á grundvelli kynhneigðar verði líka útrýmt.

Heilbrigðismál Uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss verði fylgt eftir.

Ríkisfjármál Álagning stimpilgjalda og vörugjalda, sem og virðisaukaskattur á matvæli, verði tekin til endurskoðunar.

Orkumál Breytt fyrirkomulag raforkusölu valdi sem minnstum verðhækkunum á rafmagni á landsbyggðinni.

Iðnaðarmál Orkufrekur iðnaður er fagnaðarefni. Lögð er áhersla á að næsta verkefni verði á Norðurlandi.

Menntamál Skoða skal hugmyndir um að gera síðasta ár leikskóla að skyldunámi. Allt grunnnám verði gjaldfrjálst í ríkisreignum skólum. Stofna skal háskóla á Ísafirði.

Menningarmál Ríkisútvarpið verði í þjóðareigu og sjálfstæði þess eftir. Nýsköpun Starfsemi frumkvöðla-setra verði aukin og ný setur stofnuð á landsbyggðinni.

Samgöngumál Veggjald í Hvalfjarðargöng verði lækkað og virðisaukaskattur af því felldur niður. Póst- og fjarskiptastofnun verði efl. Hluti af söluandvirði Símans gangi til að styrkja dreifikerfi í dreifðum byggðum.

Sveitastjórnarmál Tryggt verði að tekjuskipting milli ríkis og sveitafélaga sé í samræmi við verkskiptingu.

Höfuðborgarstefna Lóðaframboð skal ávallt vera nægilegt svo lóðaskortur valdi ekki hækkun á húsnæðisverði. Mislæg gatnamóti risi við Kringlumýrarbraut og Miklubraut.

Grunnskólastefna Tólmstundir verði hluti af daglegu skólastarfi grunnskólalabarna.

Átakamikið flokksþing

Hörð átök voru um stór mál á flokksþingi framsóknarmanna. Mestu deilurnar voru um Evrópumál. Evrópusinnar bökkðu mikið frá upphaflegum drögum að ályktun en fengu grundvallaratriði í gegn.

FLOKKSÞING Framsóknarmenn tókust á í afstöðu sinni til Evrópumála á flokksþingi í gær. Samþykkt var verulega breytt útgáfa frá upprunalegum drögum að ályktun. Í endanlegri ályktun var samþykkt að á vettvangi Framsóknarflokksins skuli haldið áfram upplýsingaöflun og vinnu við mótun samningsmarkmiða og hugsanlegs undirbúnings aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Niðurstöður þeirrar vinnu skulu kynna á næsta flokksþingi.

Í upphaflegum drögum var gert ráð fyrir að hefja aðildarviðræður strax á þessu kjörtímabili en í útgáfu sem lögð var fyrir þingið í gærmorgun eftir umfjöllun í nefnd hafði ákvæðinu verið breytt í þá veru að næsta flokksþingi skyldu fara fram kosningar um það hvort sækja ætti um aðild eða ekki.

„Það stóð aldrei til á þessu flokksþingi að taka endanlega afstöðu til þess hvort Ísland ætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það var hins vegar samþykkt að opna með beinum hætti fyrir aðild að Evrópusambandinu þannig að við höfum umboð flokksmanna til þess að vinna á þeim grundvelli. Það finnst mér mjög góð niðurstaða,“ segir Halldór Ásgrímsson, sem kjörinn var formaður Framsóknarflokksins í sjötta sinn í gær.

Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður flokksins, mótmælti ákvæðinu um að kjósa um málið á næsta flokksþingi harðlega í gærmorgun. „Ef þetta verður samþykkt þýðir það að við séum að undirbúa aðildarviðræður við Evrópusambandið. Ég er því algjörlega mótfallinn. Ég veit ekki hvað menn eru að álpast út í,“



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

FORYSTA FRAMSÓKNARFLOKKSINS Á FLOKKSÞINGI Í GÆR

Haldór Ásgrímsson og Guðni Ágústsson voru á öndverðum meiri í afstöðu sinni til Evrópusambandsins. Báðir sögðust þeir sáttrir við niðurstöðu þingsins.

sagði hann. Steingrímur benti á að það væri flokknum í óhag að takast á við svo stórt mál rétt fyrir næstu alþingiskosningar.

Kristinn H. Gunnarsson tók undir orð Steingríms. „Það væri óðs manns æði að stefna okkur í þessa stöðu skömmu fyrir alþingiskosningar vitandi um mikla andstöðu í flokknum við aðild sem

ekki mun hverfa við atkvæðagreiðslu verði hún samþykkt,“ sagði hann.

Guðni Ágústsson varaformaður sagði að Evrópumálin hefðu verið langþingsta deiluefnið en náðst hefði víðunandi lausn og mikil samstaða. „Við sýndum þá jafnvægislist sem við erum þekktir fyrir, að ná sameiginlegri

niðurstöðu í mjög erfiðu máli,“ sagði hann.

„Þetta þýðir einfaldlega það að Framsóknarflokknum, eins og stjórnvöldum í landinu, ber að halda vöku sinni og vinna í því að skoða stöðu Íslands í Evrópu, ég tala nú ekki um ef eitthvað gerist varðandi EES-samninginn,“ sagði Guðni.

sda@frettabladid.is

Ný 6 sæta Fiat Multipla



24.907 kr.*

– á mánuði. Verð frá 2.150.000 kr.

*M.v. 20% útborgun og 84 máh. lántíma.

Fiat umboðið · Malarhöfða 2a
110 Reykjavík · Sími 570 9900 · www.fiat.is



Ályktun flokksþings:

Flugvöllurinn áfram í Reykjavík

FLOKKSÞING Tekist var á um það á flokksþingi framsóknarmanna hvort álykta ætti um það að flytja innanlandsflugíð burt úr miðborginni. Niðurstöðurnar voru þær að miðstöð innanlandsflugsins yrði áfram rekin í Reykjavík. Leitað skyldi leiða að skipuleggja flugvallarsvæðið og næsta nágrenni þess þannig að landsvæði sem undir hann fer minnkaði og stuðlaði að eðlilegri byggðarþróun í Reykjavík.

Fyrstu drög ályktunarinnar gengu út á að Reykjavíkflugvöllur yrði aflagður og innanlandsflug yrði flutt til Keflavíkur.

Með niðurstöðunni er því ekki lokað fyrir þann möguleika að Reykjavíkflugvöllur verði starfræktur í breyttri mynd; að flugbrautir verði lagðar út í Skerjafjörð svo nýta megi til frekari uppbyggingar landsvæði sem nú fer undir flugbrautir.

- sda



REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR

Framsóknarmenn vilja ekki leggja Reykjavíkflugvöll af. Þeir útiloka hins vegar ekki að flugbrautum verði breytt svo nýta megi landsvæðið betur.

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2004

Meginniðurstöður ársreiknings

Allar tölur eru í þúsundum króna

Efnahagsreikningur	Samtryggingarsjóður		Séreignarsjóður	
	31.12.2004	31.12.2003	31.12.2004	31.12.2003
Verðbréf með breytilegum tekjum	29.522.663	22.804.177	209.926	159.372
Verðbréf með föstum tekjum	37.569.452	30.198.070	784.914	455.989
Veðlán	6.865.644	8.695.935	0	0
Bankainnistæður	975.439	723.892	33.057	1.583
Húseignir og lóðir	214.121	213.668	0	0
Kröfur	948.268	623.457	26.712	27.110
Annað	291.235	362.303	0	0
Eign	76.386.822	63.621.502	1.054.609	644.054
Skuldir	-115.032	-142.823	0	0
Hrein eign til greiðslu lífeyris	76.271.790	63.478.679	1.054.609	644.054
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris				
Iðgjöld	3.479.579	3.008.804	290.265	283.219
Lífeyrir	-2.262.832	-2.092.860	-8.822	-3.761
Fjárfestingatekjur	11.738.852	9.302.813	137.035	102.033
Fjárfestingagjöld	-68.141	-51.975	-173	-301
Rekstrarkostnaður	-120.182	-117.208	-7.750	-3.658
Aðrar tekjur	25.978	22.262	0	0
Hækkun á hreinni eign á árinu:	12.793.111	10.071.836	410.555	377.531
Hrein eign frá fyrra ári:	63.478.679	53.406.843	644.054	266.523
Hrein eign til greiðslu lífeyris:	76.271.790	63.478.679	1.054.609	644.054
Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings				
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	10.154.000	9.265.000		
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	14,7%	15,4%		
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-10.908.000	1.821.000		
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-7,3%	1,5%		
Kennitölur				
Hrein raunávöxtun	13,62%	13,90%	12,07%	20,85%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	4,39%	4,59%	9,30%	
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun sjóðsins	6,71%	5,88%	9,30%	8,62%
Eignir í ísl. kr.	78,8%	83,0%	89,5%	91,3%
Eignir í erl. gjaldmiðlum	21,2%	17,0%	10,5%	8,7%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	17.735	17.031	33.581	26.303
Fjöldi lífeyrisþega	9.739	9.282	113	28
Kostnaður í hlutfalli af eignum	0,14%	0,16%	0,73%	0,57%

ÁVÖXTUN SJÓÐSINS

Ávöxtun samtryggingarsjóðsins var 18,06% eða sem svarar 13,62% raunávöxtun og hækkar hrein eign sjóðsins um rúm 20,0% á milli ára. Hrein eign séreignarsjóðanna hækkaði enn meira eða 63,7% og var meðalávöxtun beggja deildanna 16,45% eða 12,07% raunávöxtun. Góð ávöxtun sjóðanna skýrist aðallega af góðri ávöxtun á innlendum hlutabréfum þeirra.

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR

Í tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum kemur fram að sjóðinn vantar 10.908 milljónir eða 7,3% til að eiga að fullu fyrir heildarskuldbindingum. Þessi staða skýrist af nýjum upplýsingum um lífslíkur og örorkulíkur sjóðfélaga.

IÐGJÖLD

Alls greiddu 31.180 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu 2004 eða 2,1% fleiri en á árinu 2003. 2.793 atvinnurekendur greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu. Í árslok voru 142.586 sjóðfélagar með inneign í sjóðnum.

LÍFEYRIR

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins hækkuðu um 8,1% á síðastliðnu ári og námu alls 2.250 milljónum króna. Skipting lífeyris var eftirfarandi:

	Upphæð:	Fjöldi:
Ellilífeyrir	1.406.082.286.-	6.342
Örorkulífeyrir	665.076.643.-	2.544
Makalífeyrir	133.570.036.-	1.092
Barnalífeyrir	45.471.123.-	743
Samtals	2.250.200.088.-	10.721

ÁRSFUNDUR 2005

Ársfundur sjóðsins verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 27. apríl nk. Kl. 15.00. Dagskrá fundarins verður nánar auglýst síðar.

Í stjórn Lífeyrissjóðsins Framsýnar 31.12.2004 voru:

Sigurður Bessason, formaður	Ari Edwald, varaformaður
Guðmundur Þ Jónsson	Hjörleifur B. Kvaran
Jón Guðmann Pétursson	Kolbeinn Gunnarsson
Sveinn Hannesson	Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri sjóðsins var Bjarni Brynjólfsson

LÍFEYRISSJÓÐURINN
FRAMSÝN





VEISTU SVARID?

1 Hver verður deildarforseti nýrrar félagsvísinda- og hagfræðideildar á Bifröst?

2 Hverjir urðu bikarmeistarar kvenna í handbolta?

3 Hvað hét stofnandi Amnesty International sem nú er nýlátinn?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Samskip fær nýtt skip:

Nýju Helgafelli gefið nafn

SAMGÖNGUR „Þetta var yndisleg tilfinning og ofsalega gaman,“ segir Arney Guðmundsdóttir, starfsmaður í mótuneyti Samskipa, sem hlotnaðist sá heiður að nefna nýtt skip Samskipa í Hamborg á föstudag.

Skipið hlaut nafnið Helgafell og leysir gamla Helgafellið af hólmi á siglingaleiðinni milli Evrópu og Íslands. Skipið var afhent við hátíðlega athöfn á föstudag. Nöfn allra kvenna sem starfa hjá Samskipum voru sett í pott og síðan var dregið um hver fengi að nefna skipið og hreppti Arney hrossið. Helgafellið er fyrsta skipið sem hún gefur nafn og líkadi henni það vel.

Helgafellið nýja er ellefu þúsund tonna skip og getur flutt 200 gámaeiningum meira en forveri sinn. Systurskipið Arnarfell var afhent í fyrra en kostnaður við hvort skip nam 1,7 milljörðum króna. Helgafellið leggur úr höfn í Rotterdam hinn 1. mars og er væntanlegt til Íslands 9. mars. Skipverjar eru ellefu talsins en skipið er skráð í Færeyjum, af rekstarlegum ástæðum að sögn forsvarsmanna Samskipa.

-bs

VIÐ HELGAFELL

Arney með Steingrími Sigurgeirssyni, skipstjóra Helgafellsins, fyrir framan skipið í þurrkvi í Hamborg.



Ólæti í miðborginni:

Rúðubrot á Alþingi

LÖGREGLUFRÉTTIR Þrír menn voru handteknir um klukkan fjögur aðfaranótt sunnudags eftir að hafa skeytt skapi sínu á byggingum Alþingis og Stjórnarráðsins og brotið þar rúður. Mennirnir voru vel við skál og gátu engar skýringar gefið á athæfi sínu en voru færðir til yfirheyrslu lögreglu í gær.

Mikill erill var í miðborginni aðfaranótt sunnudags, glaumur og gleði, enda veðrið gott. Lögreglan hafði í nógu að snúast um alla borg, þótt lítið hafi verið um þústra og ólæti.

-þlg



Við styðjum þig í gjaldkerann!

Húsfélagþjónusta Sparisjóðsins

- Innheimtþjónusta
- Sérstakur þjónustufulltrúi
- Félagabanki á Netinu
- Greiðsluþjónusta
- Framkvæmdalán
- Framkvæmdareikningur

Húsfélagþjónusta Sparisjóðsins er frábær lausn fyrir húsfélög sem vilja einfaldara og öruggara bókhald, bættu innheimtu og góðan aðgang að hagkvæmri fjármögnun til sameiginlegra framkvæmda. Með góðri yfirsýn yfir fjármálin sparast ómæld vinna og fyrirhöfn og lífið verður því einfaldara fyrir gjaldkera húsfélagsins.



SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

Kynntu þér málið á www.spar.is eða í næsta sparisjóði



ÝMSAR ALGENGAR NEYSLUVÖRUR

Um helgina hafa Krónan og Bónus keppt við að lækka verð.

Verðstríð í uppsiglingu?

Bónus og Krónan lækkuðu báðar verð um helgina. Teikn eru á lofti um verðstríð milli lágvöruverðsverslana.

MATVÖRUVERÐSTRÍÐ Í kjölfarið af fréttum af verðlækkun á helstu neysluvörum í verslunum Krónunnar hyggja margir að stutt sé í verðstríð á matvörumarkaði milli Bónus og Krónunnar. Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Kaupáss, var inntur eftir möguleikanum á að slík átök brytust út. „Það er ljóst að verðið var að lækka um helgina og það sem við ætlum að gera er að standa okkur.“ Þegar hann var spurður að því hversu langt væri hægt að ganga til að vera með lægsta verðið sagði Sigurður: „Það er auðvitað ekki hægt að lækka verð endalaust og einhvers staðar liggja mörkin en til að vera raunhæfur valkostur verður Krónan að bjóða upp á samkeppnishæft verð.“ Sigurður sagði að ekki væru uppi áform um að lækka þjónustustig eða fækka starfsfólki til að ná markmiðum um lægra vöruverð heldur væri verið að láta viðskiptavini njóta hagræðingar sem hefði náðst við eigendaskipti hjá fyrirtækinu.

„Mér finnst það vera hól fyrir okkur að lágvöruverðskeðja eins og Krónan þurfi að lækka sig um allt að 20 prósent til að ná okkur í verði,“ sagði Guðmundur Mart-

	Krónan	Bónus
Cheerios 567 g	239	219
Coke 2 l	175	169
Brauðostur 1 kg	997	927
KEA skyr 500 g	183	181
Banamar	129	119
Ali skinka	1618	1618
Merrild kaffi	269	269
Léttmjólk 1 l	66	66

einsson, framkvæmdastjóri Bónus. Hann sagði enn fremur að Bónus myndi gera allt til að tryggja lægsta vöruverð á markaðnum. „Við erum með skuldbindingar við okkar viðskiptavini og munum standa við þær hvað sem það kostar.“ Þegar hann var spurður að því hvernig Bónus hygðist ná þeim markmiðum að standa við þessar skuldbindingar sagði Guðmundur: „Menn þurfa bara að reyna á sig takkaskóna og herða sultarólina, það er ekkert flóknara en það.“

Fréttablaðið gerði skyndiverðkönnun í gær, sunnudag, þar sem farið var í verslanir Bónus og Krónunnar á sama tíma og keyptar nokkrar algengar neysluvörur. Mikið var að gera í báðum búðunum og ljóst að íslenskir neytendur kunna vel að meta verðlækkanir á matvörumarkaði.

-bb



Fljótvirkt bólgyeyðandi verkjalyf

m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni



Fæst án
lyfseðils

VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðabrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalísýru, íbuprofén eða önnur bólgyeyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**ÍSHEIMAR Á AKUREYRI**

Undarleg veröld blasti við Akureyringum í bitíð í gærmorgun eftir að þoka og frost hafði klætt tré og runna í fagurhvít ísnáklæði. Þokan var á burt í gær og notaði Vilberg Alexandersson, fyrrverandi skólastjóri Glerárskóla, tækifærið til hressingargöngu.

SKAÐABÆTUR Helgi Garðarsson, eigandi verslunarinnar Rafvirkjans á Eskifirði, hefur farið fram á skaðabætur frá Fjarðabyggð vegna skerts aðgengis að verslun hans vegna hitaveituf framkvæmda á Eskifirði. Bæjarráð Fjarðabyggðar hafnaði skaðabótakröfunni á þeim forsendum að ábyrgðin væri verktakans sem annast framkvæmdirnar.

Jón Björn Hákonarson, upplýsingafulltrúi Fjarðabyggðar, segir GV Gröfur á Akureyri annast veituf framkvæmdirnar. „Bæjaryfirvöld urðu við ósk fyrirtækisins um að gera hlé á framkvæmdum á meðan frost er í jörðu og því hefur ekkert verið unnið við verkið síðan í lok

Hitaveituf framkvæmdir á Eskifirði:

Verslunareigandi krefst skaðabóta

VERSLUN RAFVIRKJANS Eigandinn telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna minni jóla verslunar sem hann tengir skertu aðgengi að versluninni.

janúar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á ný í apríl,“ segir Jón Björn.

Helgi Garðarsson segist vongóður um að bæjarráð fjalli á ný um málið. „Jarðraskið við verslunina

byrjaði í nóvember og framkvæmdirnar settu strik í jóla verslunina hjá mér. Ég get hins vegar ekki gert mér grein fyrir hversu mikill skaðinn er,“ segir Helgi.

- kk

BANDARÍKIN

SCHRÖDER ÁNÆGDUR Gerhard Schröder, kanslari Dýskalands, er ánægður með að Bandaríkjamenn ætli ekki að ráðast á Íran vegna deilunnar sem stendur yfir varðandi kjarnorkuvopn landsins. George W. Bush Bandaríkjaforseti segir það fáránlegt að halda því fram að þjóðin sé að undirbúa loftárásir á Íran.

FRIDARVIÐRÆÐUR ÁBERANDI Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, telur að friðarviðræður eigi eftir að vera meira áberandi á seinna kjörtímabili Bush Bandaríkjaforseta. Nefndi hann ráðningu Condoleezza Rice í starf utanríkisráðherra sem staðfestingu á þessum breyttu áherslum.

Samtök iðnaðarins:

Mikil ánægja með íslenskt

KÖNNUN Ríflega sextíu prósent neytenda gefa íslenski mat- og drykkjarvöru hæstu einkunn í viðhorfskönnun sem IMG Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins.

Tæp 98 prósent þeirra sem keyptu íslenska hönnunarvöru voru jákvæð gagnvart henni og tæp 96 prósent þeirra sem keyptu íslenska byggingarvöru, samkvæmt upplýsingum samtakanna.

Á bilinu 0,8 til 3,3 prósent þátttakendanna 950 gáfu íslenskum vörum falleinkunn. Könnunin er hluti ánægjuvögs-mælingar IMG Gallup og verða frekari niðurstöður birtar á mánudag.

- gag

Skíðasvæði landsmanna:

Hlíðarfjall oftast opið

ÚTIVIST Skíðasvæði Akureyringa í Hlíðarfjalli er að meðaltali oftast opið en skíðasvæði Ísfirðinga, Austfirðinga og Reykvíkinga. Samanteknar tölur fyrir opnunardaga síðustu sjö ára sýna að skíðasvæði Akureyringa var opið í 603 daga á þessu árabili. Í

öðru sæti er skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal þar sem opið hefur verið í 465 daga. Í þriðja sæti er Oddsskarð í Fjarðabyggð. Skíðasvæði Reykvíkinga í Bláfjöllum rekur lestina með 288 opnunardaga á sama tímabili.

Snóbúskapur veltur á ýmsum þáttum en ríkjandi vindátt og hæð yfir sjávarmáli skiptir sköpum. Skíðasvæði Akureyringa er í 474 til 950 metra hæð yfir sjávarmáli á meðan Bláfjallasvæðið nær frá 450 metrum í um 700 metra yfir sjávarmáli. Að sögn Friðjóns Árnasonar, starfsmannastjóra skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, er nægur snjór á skíðasvæði Bláfjalla.

- shv

SJALDÆF SJÓN
Nægur snjór er í Bláfjöllum og svæðið hefur verið opið síðustu daga.



	Hlíðarfjall	Bláfjöll	Oddsskarð	Ísafjörður
1998	63	33	70	89
1999	104	72	75	76
2000	124	59	71	65
2001	91	33	66	76
2002	88	26	53	63
2003	51	40	21	48
2004	82	25	19	48
Samtals	603	288	375	465

**Nú getur þú sent SMS**

SMS heimasími

Léttkaupsútborgun:

980 kr.

og 750 kr. á mán. í 12 mán.

Panasonic KX-TCD300

Tíboðsverð: 9.980 kr.

Tilboð í vefverslun: 8.980 kr.

siminn.is/vefverslun

25% afsláttur
úr heimasíma
í 6 númer

Skráðu þig á siminn.is

Hægt er að senda og taka á móti SMS. Númerabirting fyrir allt að 30 númer. Simaskrá fyrir 200 simanúmer og nöfn. Innbyggður hátalari fyrir handfrjálsta notkun. Dagsetning og tími og raddstýring á 20 númerum.

Einhleypar japanskar konur: Sjö af hverjum tíu sáttar

HEILSA Sjö af hverjum tíu einhleypum konum í Japan segjast ekkert hafa á móti því að halda áfram að vera einar. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun dagblaðsins Yomiuri.

Í könnuninni kemur einnig fram að fjöldi kvenna sem trúir því að þær geti verið hamingjusamar þrátt fyrir einveruna hefur aukist um 10% frá árinu 2003. Sérfræðingar telja að niðurstöðurnar beri þess merki að fólk sem sé einhleypst sé ekki lengur lítið sama hornauga og áður fyrr. ■

Efni Listahátíðar í Reykjavík kynnt í gær:

Myndlistin í forgrunni

LISTIR Listahátíð verður haldin í Reykjavík dagana 14. maí til 5. júní. Sérstök áhersla verður lögð á samtímamyndlist á hátíðinni og ber þar helst að nefna viðamikla sýningu á verkum svissnesk-þýska listamannsins Dieters Roth í þremur listasöfnum í borginni. Hann átti heimili sitt á Íslandi frá sjötta áratug síðustu aldar og gerði það að heimalandi sínu. Jessica Morgan, sýningarstjóri frá Tate-safninu í London, hefur af þessu til efni tekið að sér að stjórna öðrum hluta verkefnisins; Tími, rými, tilvera. Þar eru sýnd ný verk um þrjátíu myndlistarmanna, innlendra og erlendra,

sem eru sérstaklega þöntuð fyrir sýninguna. Verkin þróa áfram viðfangsefni og áhrif sem finna má í verkum Roths. Sú sýning verður sett upp í Reykjavík og nágrenni og öðrum landsfjórðungum. KB banki er aðalstyrktaraðili myndlistarhluta hátíðarinnar en kostnaður við hana er áætlaður um 120 milljónir króna.

- js



PÓRUNN SIGURDARDÓTTIR
Kynnti efni listahátíðar í Reykjavík.

Selfoss:

Harður árekstur

LÖGREGLUMÁL Ökumaður var handtekinn af lögreglunni á Selfossi aðfaranótt sunnudags með fíkniefni í fórum sínum. Fíkniefnin voru gerð upptæk en lögreglan áætlað að maðurinn hafi ætlað þau til eigin nota. Maðurinn var færður í fanga-geymslu og yfirheyrður á sunnudag.

Þá varð harður árekstur á Austurvegi þegar tveir bílar skulu harkalega saman um þrjúleytið á sunnudag. Engin slys urðu á fólk en bílarnir voru báðir öðukæfir eftir áreksturinn.

- þlg

Umhverfisstofnun um litarefni:

Ekki ástæða til aðgerða

MATVÆLI „Næsta skref er að fá frekari upplýsingar um hvaða vörur er um að ræða, en að öðru leyti sjáum við ekki ástæðu til að stökkva af stað,“ segir Baldvin Valgarðsson, matvælafræðingur hjá Umhverfisstofnun, um viðvaranir bresku matvælastofnunarinnar um að krabbameinsvaldandi litarefni, Sudan-1, sé í yfir 350 matvælagöndum þar í landi.

Efnið greindist í sósu. „Sósan er ekki til hér á landi og við erum ekki komin á það stig að kanna hvort eitthvað af þeim matvælum sem gefin hafa verið upp séu til hér á landi. En fáum við tilkynningar um það bregðumst við vitaskuld við,“ segir Baldvin. - bs


Lögmaður GT verktaka:

Kaupa vinnuafll hjá þjónustusölu

VINNUMARKAÐUR Marteinn Másson, lögmaður GT verktaka, segir fyrirtækið kaupa þjónustu af erlendu fyrirtæki og um slíka þjónustusölu gildi lög frá árinu 2001 þannig að hið erlenda fyrirtæki geti sent starfsmenn sína hingað til að sinna þeirri þjónustu. Þeir geti verið hér í allt að níutíu daga í senn við framkvæmd hennar.

Vinnuálastofnun og lögreglan á Egilsstöðum eru að skoða rútbílaakstur erlendra ríkisborgara á Kárahnjúkum en GT verktakar kaupa slíkan akstur af lettneska fyrirtækinu Vislandia.

„Í lögum eru ákveðnar reglur sem eiga að tryggja þessum starfsmönnum lágmarksréttindi. Þeir eiga að njóta þeirra lágmarkskjara sem eru hér á landi



þannig að ekki er verið að flytja inn hálfgerða þræla, eins og reynt er að ýja að. Þetta hefur verið málað dálítið dökkum litum,“ segir Marteinn.

Samkvæmt samningnum við Vislandia kaupa GT verktakar bæði aksturþjónustu og verklega vinnu en Marteinn kveðst ekki vita í hversu miklum mæli GT verktakar muni nýta þann þátt í þjónustusamningnum. - ghs

MARTEINN MÁSSON LÖGMAÐUR
Segir að GT verktakar kaupir þjónustu af erlendu fyrirtæki við ráðningu á starfsmönnum að utan til að flytja fólk á Kárahnjúkum.

úr heimasíma

Stundum er betra að senda SMS!

Síminn

800 7000 - siminn.is

24

stundir

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR

Höfum ekki orðið fyrir aðkasti

„Það er allt gott að fréttu. Ég var rétt í þessu að klára að messa í Kolaportinu,“ segir Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur en þar hefur hún messað síðasta sunnudag í hverjum mánuði síðan árið 2000. Fleiri prestar koma að helgihaldinu í Kolaportinu, meðal annars Bjarni Karlsson, eiginmaður Jónu, og síðan stýrir Þorvaldur Halldórsson söngnum. „Það er alger snilld,“ segir Jóna og fer ekki ofan af því að portgestir taki klerkunum vel. „Í ljósi allrar umræðunnar og látanna yfir því að það megi ekki koma með guðsorðið í grunnskólana þá verðum við sem betur fer ekki fyrir miklu aðkasti þótt við séum ekki í hefðbundinni kirkju,“ segir hún glettnisfullri röddu.



JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR

Annars hefur ýmislegt skemmtilegt drifid á daga Jónu að undanförunu. „Ég var með í að halda trúðanamskeið með Halldóru Geirharðsdóttur fyrir sunnudagaskólakennara. Hún er frábær sem Barbara trúður og hún kenndi okkur hvernig við getum notað trúðinn í samskiptum við börn og komið boðskapnum til skila. Trúðurinn er bæði einlægur og forvitinn, rétt eins og börnin.“ Annasamur tími er svo fram undan. „Endalaus vinna, sem er nú kannski hvorki fréttæmt eða skemmtilegt,“ segir Jóna skellihljæjandi. „Páskarnir eru framundan og þá verður gaman og um næstu helgi er svo æskulýsdagurinn. Þá ætla krakkarnir úr miðborgarstarfinu að láta ljós sitt skína og ég hlakka til að taka þátt í því.“ ■

SVONA ERUM VIÐ



3.333 REFIR ERU Á ÍSLANDI. ÞAR AF EINN Á VESTURLANDI. Heimild: Bændasamtökin

SJÓNARHÓLL
UPPSAGNIR LEIKARA

Ekkert starfsöryggi

„Auðvitað er þetta dapurt. Það er agalegt og hrakalegt að búa við svona lítið starfsöryggi,“ segir Konráð Alfreðsson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar, um þá ákvörðun Tinnu Gunnlaugsdóttur Þjóðleikhússtjóra að segja upp föstum samningi við þá tíu leikara sem stystan starfsaldur hafa hjá leikhúsinu. „Þetta er eitt af því sem við erum að horfa á í Þjóðfélaginu í dag, hvernig atvinnurekendur eru farnir að vinna. Því miður. Svona eru stjórnunarhættirirnir að verða,“ segir Konráð, sem hefur lengi staðið í skyldingum við atvinnurekendur. Konráð gefur lítið fyrir röksemdir Tinnu um að uppsagnir feli í sér tækifæri fyrir leikarana ungu. „Ég er nú eiginlega alveg hissa á orðum svo reyndrar manneskju eins og Þjóðleikhússtjóri er. Það hlýtur að vera miklu meira öryggi í því að hafa störf, það þarf að sjá sér og sínum farborða og í þessu tilliti er ekkert starfsöryggi. Mér finnst vanta virðingu fyrir fólki.“ ■



KONRÁÐ ALFREÐSSON

Allur máttur úr Magna

Dráttarbátar eru litlir og láta lítið yfir sér en þeir hafa krafta í kögglum svo um munar. Það er hins vegar af sem áður var hjá Magna, flaggskipi íslenska dráttarbátaflotans, því vélin í honum er handónýtt. Starfsmenn Stálsmiðjunnar vinna nú að því að flikka upp á fleyið en fimmtugsafmæli þess rennur upp í sumar.

Magni er fyrsta stálskipið sem Íslendingar hönnuðu og smíðuðu og á Hjalmar R. Bárðarson, fyrrverandi siglingamálastjóri, hefurinn af því. Hann var smíðaður í Stálsmiðjunni í Reykjavík en nú hálfri öld síðar situr hann aftur í slippnum og bíður þess sem verða vill.

„Þetta er mjög traust skip og hann sinni verkefnum sínum með þryði þar til vélin í honum skemmdist,“ segir Hilmar Kristinsson, verkstjóri hjá Stálsmiðjunni, en mörg ár eru síðan það gerðist. Hann var bundinn við bryggju í



HILMAR KRISTINSSON OG MAGNI

Í sumar er liðin hálf öld síðan Stálsmiðjan afhenti Reykjavíkurböfn Magna. Vonandi kemst hann aftur á sjó áður en langt um liður.

Símennt viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík og AX hugbúnaðarhús kynna:

Grunnnám í bókhaldi og upplýsingatækni

Sniðið fyrir fólk sem vill öðlast hagnýta grunnþekkingu á bókhaldi og upplýsingatækni

Fyrir hverja

Námskeiðið er grunnnám í bókhaldi og er lögð áhersla á hagnýtingu bókhalds í rekstri fyrirtækja. Ekki er gert ráð fyrir að þátttakendur hafi mikla reynslu af bókhaldi.

Markmið

Námskeiðinu er ætlað að auka færni þátttakenda í grunnhugtökum bókfærslu og upplýsingatækni.

Dagsetningar

Námskeiðið tekur á bókhaldi, sköttum og upplýsingatækni. Kennsla hefst þriðjudaginn 15. mars og lýkur fimmtudaginn 19. maí. Kennst verður á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 16:00 - 19:00. Tímajöldi er 51 klukkustund.

Verð: 95.000 kr.
Boðið er upp á skiptingu greiðslna.

Innfalinn er allur kostnaður, þ.á.m. námskeiðsgögn. Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.

gömlu höfninni í Reykjavík þangað til hann var færður í slipp fyrir nokkrum mánuðum. „Það má eiginlega segja að hann hafi bara verið að grotna niður en við höfum verið að velta því fyrir okkur hvort ekki megi nýta hann með einhverjum hætti,“ bætir Hilmar við.

Upphaflega var hugmyndin að kaupa notaða vél í bátinn en síðan datt Hilmar og félagum hans í hug að sniðugt gæti verið að nota Magna sem tilraunaskip með vetni. Þeir höfðu samband við Nýorku um málið. „Þeir tóku ekki nógu vel í það, voru eiginlega búnir að semja við Norðmenn um þetta mál. Okkur finnst það nokkuð miður að vera að flytja þetta úr landi þegar við getum leitt tilraunir með vetni.“ Því býst Hilmar við að haldið verði áfram að reyna að fá notaða vél í skipið, sem hann giskar á að myndi kosta um tíu milljónir króna. „Þetta þyrfti ekki að vera neitt sérstaklega merkilegt vél því þetta skip fer aldrei framur í neinn slag.“

Margt má gera við skip eins og Magna. Til dæmis mætti opna þar kaffihús eða bjóða Reykvikungum í skemmtisiglingar um höfnina og nágrenni hennar. Reykjavíkurböfn á samt Magna og hefur því síðasta orðið um hvað verður gert við hann. Ef Hilmar fengi að ráða þá myndi hann breyta Magna í skólaskip fyrir verðandi vélstjóra og stýrimenn.

Hilmar telur þó að Magni verði enn um sinn í slippnum enda er hann ekki forgangsverkefni. „Við erum bara að klappa honum svona eftir því sem við höfum tíma. Við erum að reyna að þurrka hann upp og mála og sjá hvað við getum gert fyrir hann, greyði.“

sveinng@frettabladid.is

Frekari upplýsingar veitir:
Þór Clausen
Beinn sími: 599 6288
Skíptiborð: 599 6200
Skráning á thorc@ru.is
www.ru.is

ax, hugbúnaðarhús

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Gríptu tækifærið

- það stendur aðeins í nokkra daga

Ef þú ert snar í snúningum geturðu náð þér í frábæran Peugeot á ótrúlega góðu verði.

307

1.4i, 90 hestöfl, 5 gíra, 5 dyra, 6 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, 5 þriggja punkta belti, rafmagn í rúðum, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, álfelgur aukabúnaður á mynd.

Verð var frá 1.790.000 nú **1.645.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **17.164** kr.



307 SW - glerþak

2.0i, 136 hestöfl, sjálfskiptur með öllu, 16" álfelgur, tiptronic sjálfskiptingu, loftkælingu og ... Frábær fjölskyldubíll!

Verð var frá 2.440.000 nú **2.245.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **23.493** kr.



206

1.4i, 75 hestöfl, X-line innrétting, 16v, 5 gíra, 5 dyra, 4 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum, 5 þriggja punkta öryggisbelti, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, þokuljós aukabúnaður á mynd.

Verð var frá 1.499.000 nú **1.380.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **14.392** kr.



206 SW

1.4i, 75 hestöfl, X-line innrétting, 16v, 5 gíra, 5 dyra, 4 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum, 5 þriggja punkta öryggisbelti, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, álfelgur aukabúnaður á mynd.

Verð var frá 1.569.000 nú **1.429.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **14.960** kr.



807 ST - 7 manna

2.0i, 138 hestöfl, sjálfskiptur, skrikvörn, fjarstýrð og rafdrifin opnun á hliðarhurðum, 7 stakir stólar, framsæti snúningsstólar, þakbogar. Öruggsti billinn í sínum flokki, fékk 5* af 5 mögulegum í árekstrarprófi.

Verð var frá 3.340.000 nú **2.990.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **31.279** kr.



BERNHARD ehf. Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Braginn**, sími 481 1535

Sumir aka um á bílum - aðrir aka um á Peugeot.

Hönnun, glæsileiki og aksturseginnleikar setja Peugeot í sérflokk.

Komdu og mátaðu Peugeot, upplifðu mjúka fjöðrun og hönnun sem á sér engan líka.

Upplifðu Peugeot sem næsta kost.

3ja ára ábyrgð - 12 ára ryðvarnarábyrgð.

*Bílasamningur Lýsingar: 30% út og greiðslur til 84 mánaða. Einnig er hægt að velja 10% eða 20% útborgun.



PÓSTKORT FRÁ SÚMÖTRU: ROBIN BOVEY, SENDIFULTRÚI RAUÐA KROSS ÍSLANDS

Þjáðir eru hjálpinni þakklátir

Nú eru liðnir nærri því tveir mánuðir síðan jarðskjálftinn stóri og flóðbylgjan sem fylgdi í kjölfarið tæpri klukkustund síðar reif vesturströnd Aceh í sundur. Hinn gríðarlegi fjöldi látinna og þeirra sem saknað er er nánast merkingarlaus



enda eru þessar tölur of stórar til að hægt sé að skilja þær. Búið er að grafa 118.767, enn er 114.922 saknað og um 150 þúsund börn hafa misst foreldra. Allir sem ég hef talað við hér í Banda Aceh hafa misst fólk sem var þeim kært og margir hafa misst alla fjölskyldu sína. Í starfi mínu fyrir Alþjóða Rauða krossinn hef ég komið á marga staði þar sem miklar hörmungar hafa átt sér stað, bæði af völdum mannskepunnar og náttúrunnar, en ég kemst ekki einu sinni nálægt því að meðtaka það sem gerðist á nokkrum mínútum að morgni 26. desember. Það er eins og fólk sé fyrst núna að reyna að skilja til fulls hvað þetta þýðir fyrir líf þeirra. Á hverjum degi eru fluttar sögur af örvæntingarfullum mæðrum sem hafa misst börn sín og eiginmenn

og feður sem vita ekki hvernig þeir eiga að sjá fjölskyldu sinni farborða án þess að hafa stuðning eiginkonu eða fjölskyldu til að sjá um börnin. Og svo eru það auðvitað börnin sjálf. Þau sem eiga einhvern ættingja á lífi geta búið með þeim en um 20 þúsund börn hafa misst alla fjölskyldu sína, ekki bara foreldra. Mér persónulega er farið að finnast erfitt að takast á við þetta. Á hverjum degi heyrast fleiri sögur um fleiri hörmungar. Daglegir eftirskjálftar minna okkur öll á það að enn er mögulegt að annar stór jarðskjálfti eigi sér stað – og meira að segja hristist skrifstofan til vegna jarðskjálfta meðan ég skrifa þessar línur. Rauði kross Indónesíu og Alþjóðasamtök Rauða krossins og Rauða hálfmán-

ans munu nú fara af stað með næsta áfanga neyðaraðstoðarinnar ásamt landsamtökum Rauða krossins um allan heim. Íslendingar hafa gert Rauða krossi Íslands kleift að styðja vel við þessa vinnu sem mun halda áfram um ókomin ár. Örlæti fólks um allan heim er metið mjög mikils hér og ókunnugt fólk þakkar mér oft fyrir hjálpa sem mitt land hefur veitt.



Evrópustefnan sigur fyrir flokkinn

Halldór Ásgrímsson segir ályktun flokksþingsins mikil tíðindi og sigur fyrir flokkinn. Í fyrsta sinn hafi verið opnað fyrir aðild að Evrópusambandinu. Hann hafi nú umboð flokksins til að huga að aðildarviðræðum. Það skipti öllu máli.

FRÉTTAVIÐTAL
HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
FORSÆTISRÁÐHERRA
UM FLOKKSÞINGIÐ

SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

„Þetta eru mikil tíðindi í nútíu ára sögu Framsóknarflokksins,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra um ályktun flokksþingsins í Evrópumálum. „Þetta er í fyrsta skipti sem Framsóknarflokkurinn opnar með beinum hætti fyrir aðild að Evrópusambandinu þannig að við höfum umboð flokksmanna til þess að vinna á þeim grundvelli. Það finnst mér mjög góð niðurstaða,“ segir Halldór.

Spurður hvort hann líti á niðurstöðuna sem sigur fyrir Evrópusinna innan flokksins segir Halldór niðurstöðuna sigur fyrir flokkinn. Hann segist túlka niðurstöðuna þannig að flokkurinn telji að vinna eigi að því að skýra betur þau mál er varði hugsanlegar aðildarviðræður svo flokkurinn geti tekið endanlega afstöðu til þess fljótlegra í framtíðinni.

„Það liggur því fyrir að Framsóknarflokkurinn útilokar ekki aðild að ESB og er ég því mjög sáttur. Það stóð aldrei til á þessu flokksþingi að taka endanlega afstöðu til þess hvort Ísland ætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Við höfum unnið mjög mikið í þessu undanfarin ár þannig að þetta er eðlilegt framhald af því,“ segir Halldór.


Ekki víst að verði kosningamál

Halldór segist ekki gera sér fyllilega grein fyrir því á þessari stundu hvort Evrópusambandið verði helsta kosningamálið fyrir næstu alþingiskosningar. „Við bíðum eftir að sjá hvernig Evrópusambandið þróast. Nú er að hefjast atkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá og við munum fylgjast með henni. Einnig skiptir verulegu máli hvað Bretar, Svíar og Danir gera í sambandi við aðild að evrunni,“ segir hann.

Hann ítrekar að margt geti haft áhrif á afstöðu Íslendinga gagnvart umsókn að aðild, ekki síst hver umræðan verði í Noregi. Halldór segist finna það afskaplega vel að stefna Norðmanna varðandi Evrópusambandið hafi mikil áhrif á Íslendinga – og öfugt. „Það viðurkenna það allir. Noregur getur ekki hugsað sér að einangrast og Ísland getur það ekki heldur,“ segir hann.

„Við erum á Evrópska efnahagssvæðinu. EES-samningurinn er gerður fyrir Ísland, Noreg og Liechtenstein. Framkvæmd hans er tiltölulega erfið á margan hátt. Það skiptir miklu máli að Sviss ákvað að vera ekki með í samningnum,“ segir Halldór.

„Ef Ísland fer inn í ESB verður



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Á FLOKKSÞINGI Í GÆR

„Ég tók málið á dagskrá í flokknum fyrir allmörgum árum og það er alveg ljóst að það er ekkert létt mál að taka slíkt mál upp í jafn rötgrónum stjórnálflokki og Framsóknarflokkurinn er. Umboðið frá flokknum eftir þetta flokksþing er mjög skýrt og skiptir verulegu máli. Það skiptir öllu máli,“ segir hann.

það enn erfiðara fyrir Noreg. Ef Noregur fer inn verður mjög erfitt fyrir Ísland og Liechtenstein að reka þennan samning. Áhrif okkar hafa minnkað mjög mikið síðan samningurinn var gerður og það segir sig sjálft að ef Noregur sækir um og fer inn í ESB hefur það mikil áhrif, en Noregur greiðir meginhluta kostnaðarins við framkvæmd samningsins,“ segir Halldór.

Vill ekki meta fyrirætlanir Norðmanna

Halldór segist ekki vilja meta það hvort líklegt sé að Norðmenn sækji um aðild á næsta kjörtímabili, sem hefst nú í haust. „Það er hins vegar ljóst að Norðmenn, eins og við, ætla að meta stöðuna á næsta kjörtímabili. Þeir eru líkt og við að biða og sjá hver þróun sambandsins verður með nýrri stjórnarskrá og hvað gerist með

evruna. Þeir eru í svipaðri stöðu og við. Sjávarútvegsfélagsmál skipta þá miklu máli en þau skipta okkur hins vegar enn meira máli.“

Halldór sagði í setningarræðu sinni á flokksþinginu að hann teldi hagsmunum Íslendinga betur borgið innan Evrópusambandsins ef í það stefndi að Norðmenn ætluðu að sækja um aðild. Spurður um það segir hann mjög mikilvægt að ræða þetta mál í mikilli alvöru. „Ég tel að ég hafi miklu betra umboð til að gera það fyrir hönd míns flokks eftir þetta flokksþing. Ég tók málið á dagskrá í flokknum fyrir allmörgum árum og það er alveg ljóst að það er ekkert létt mál að taka slíkt mál upp í jafn rötgrónum stjórnálflokki og Framsóknarflokkurinn er. Umboðið frá flokknum eftir þetta flokksþing er mjög skýrt og skiptir verulegu máli. Það skiptir öllu máli.“



MÓÐA Í MALASÍU

Miklir skógareldar hafa geislað í Malasíu að undanföngu og hefur reykurinn borist alla leið til höfuðborgarinnar Kúala Lúmpúr. Vart mátti greina sjónvarpsturninn í borginni þegar ástandið var sem verst.



við JL-Húsið

Opið 08:00-18:30

S: 552 5070

Fiskur í dag ? !

Ýsuflök
390 kr. kg.

Fiskfars
299 kr. kg.

Ýsa í sósu
590 kr. kg.

Rauðmagi
25 kr. stk.

Þar sem fiskurinn stoppar stutt

HVÆÐ ER? FJARSKIPTASAFNIÐ

Saga símtala í máli og myndum

Síminn færði Þjóðminjasafninu Fjarskiptasafn sitt að gjöf á fimmtudaginn.

Safnið hefur verið starfrækt í 7 ár en það er til húsa í gömlu Loftskiptasafni við Suðurgötu. Í safninu eru gripir og myndir sem tengjast og segja fjarskiptasögu Íslands sem spannar um hundrað ár.

Meðal muna eru gamlar símstöðvar og símtæki og óvíst að ungt fólk viti til hvers þau voru notuð, svo mjög hafa tækin breyst í gegnum árin. Þar eru



líka hakar og skóflur sem starfsmenn Pósts og síma notuðu til að grafa fyrir símalinum fyrir daga vélknúinna skurðgrafa.

Hús Fjarskiptasafnsins, Loftskiptasafnið við Suðurgötu, var reist á fullveldisárinu 1918 en Einar Erlendsson húsameistari teiknaði það. Þjóðminjasafnið fékk húsið líka að gjöf. ■

SAFNGRIPUR FRAMTÍÐARINN-AR Þróunin á fjarskiptamarkaði er hröð og nýjasta tækni fljót að úr-eldast.

Víð höfum mikið vægi

Halldór hefur bent á að hann telji að vægi Íslands sem smárikis yrði hlutfallslega stórt innan ESB. Hins vegar höfum við ekkert að segja um þær ákvarðanir sem teknar séu innan EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins. „Við höfum afskaplega lítið að segja í sambandi við þær ákvarðanir. Það skiptir okkur alltaf máli að vera við borðið. Ef maður er ekki við borðið getur maður ekki tekið þátt í umræðunni,“ segir hann.

„Mér hefur fundist alls staðar þar sem ég hef komið fram fyrir hönd Íslands að ef um mikilvæg hagsmunamál okkar sé að ræða komum við því alltaf að. Okkur gengur vel að halda okkar málstað. Ég hef engar áhyggjur af því,“ segir Halldór.

Höfuðborgarstefnan merkileg

Þegar Halldór er spurður út í önnur helstu mál sem flokksþingið ályktaði um segir hann það mjög merkilegt að Framsóknarflokkurinn hafi markað sér sérstaka höfuðborgarstefnu. „Það er alveg nýtt. Oft hefur verið talað um Framsóknarflokkinn sem sérstakan landsbyggðarflokk og ég tel að þessi stefna staðfesti það að Framsóknarflokkurinn er flokkur landsins alls og gerir sér grein fyrir mikilvægi höfuðborgarinnar,“ segir Halldór.

Stórt skref í jafnréttismálum

Þá var tekið stórt skref í jafnréttismálum á þinginu er samþykkt var ákvæði í lögum flokksins er kveður á um að hlutur hvors kyns skuli ekki vera lægri en 40 prósent við skipan í trúnaðar- og ábyrgðarstöður innan flokksins sem og við val á framboðslista.

„Mér líst vel á 40 prósentu regluna. Ég er mjög ánægður með það að þáttur kvenna í flokknum hefur stóraukist. Þegar ég kom fyrst í þingflokkinn gekk ég inn í þingflokk sautján karla og ég man eftir fyrsta fundinum sem ég sat í einu ákveðnu sveitarfélagi, þar mættu nánast allir bændur, engin kona. Tvær komu inn á fundinn til þess að hafa tal af mönnum sínum. Síðan eru liðin rúm þrjátíu ár þannig að ég er afskaplega ánægður með þessa þróun,“ segir Halldór.

Spurður hvort þetta marki upphaf nýrrar framsóknar segir hann að flokkurinn hafi alltaf verið að breytast og þróast. „Við hljótum að taka mið af breyttum tímum, taka mið af framtíðinni, og ég tel að við höfum gert það á þessu flokksþingi,“ segir hann.

Formaður í sjötta sinn

Halldór var kjörinn formaður í sjötta sinn á flokksþinginu. „Ég er ánægður með þessa niðurstöðu. Þetta er fjölmennasta flokksþing sem ég hef settið frá því að ég byrjaði að sitja þau. Flokkurinn hefur gengið í gegnum mörg erfið og umdeild mál undanfarið og við vorum að taka hér skýra afstöðu til Evrópumála. Ég tel því að þetta sé góð niðurstaða,“ segir hann.

Halldór segir að fram undan sé að vinna að þeim mörku málum sem fjallað hafi verið um á þinginu og halda áfram því ágæta stjórnarsamstarfi sem Framsóknarflokkurinn er í. „Ég tel að þetta flokksþing styrki stöðu Framsóknarflokksins mjög mikið.“

Halldór vill ekki kannast við það að átök hafi verið innan flokksins að undanförunu. „Ég vil ekki kalla það beint átök. Það er eðlilegt að það sé tekist á í tíu þúsund manna hreyfingu, það eru ekkert allir sammála. Framsóknarflokkurinn er tæki fólks til þess að hafa áhrif á sín mál og áhrif á framtíðina,“ segir Halldór.

Spurður hvort þetta sjötta sinn verði hið síðasta sem hann er kjörinn formaður segir hann: „Það ætla ég að vona ekki.“ ■

MINNINGARSJÓÐUR MARGRÉTAR BJÖRGÓLFSDÓTTUR

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Markmið sjóðsins er að stuðla að heilbrigðu lífverni og bættu mannlífi og efla menntir, menningu og íþróttir. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að styrkja einstaklinga, verkefni og félög til mennta, framtaks, athafna og keppni - ekki síst á alþjóðlegum vettvangi.

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á

www.minningmargretar.is

Umsóknir þurfa að berast í pósti fyrir 31. mars 2005, merktar:

Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur

Suðurlandsbraut 12

108 Reykjavík



Síðustu kaupin eru bestu kaupin

Fáðu þér hreinræktaðan BMW þrist á enn betra verði.

316i LIFESTYLE kr. 2.990.000 (+250 þús. kr.afsl. takmarkað magn.)

316iA LIFE STYLE kr. 3.310.000 (+250 þús. kr.afsl. takmarkað magn.)

318iA LIFESTYLE kr. 3.660.000 (+250 þús. kr.afsl. takmarkað magn.)

318iA EXCLUSIVE SE kr. 3.860.000 (+250 þús. kr.afsl. takmarkað magn.)

316 línán LIFESTYLE

Metalic lakk, samlitir hurðahúnar og ristar, sjálfvirk loftkæling, fjarstýrð hljómtæki, 16" álfelgur, hvít stefnuljós, þokuljós í stuðara, leður-tau innrétting, leðurstýri, armpúði milli sæta, BMW geislaspillari.

318 línán LIFESTYLE

Metalic lakk, samlitir hurðahúnar og ristar, 16" álfelgur, hvít stefnuljós, cruise-control, þokuljós í stuðara, leður-tau innrétting, leðurstýri, armpúði milli sæta, BMW geislaspillari, aðgerðastýri, sjálfvirk loftkæling, fjarstýrð hljómtæki, krómgrill, króm á silsum, króm á mælum, aksturstölvu og rafmagn í afturrúðum.

318 línán EXCLUSIVE SE

Metalic lakk, samlitir hurðahúnar og ristar, 16" álfelgur, hvít stefnuljós, Cruise-control, þokuljós í stuðara, leður innrétting, leðurstýri, armpúði milli sæta, sjálfvirk loftkæling, BMW geislaspillari, aðgerðastýri, krómgrill, króm á silsum, króm á mælum, aksturstölvu og rafmagn í afturrúðum.



Með bílinn handa þér

Umboðsaðili BMW á Íslandi
B&L | Grjóthálsi 1 | 110 Reykjavík | Sími 575 1200

BMW 3 Línán

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK	8.38 13.40	18.44
AKUREYRI	8.27 13.25	18.24

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 28. febrúar, 59. dagur ársins 2005.

Fasteignasölur

101 Reykjavík	16
Ás	12-13
Bifröst	27
Draumahús	19-22
Eignakaup	28
Eignalistinn	32
Eignamiðlun	31
Eignastýring	14
Eignaumboðið	9
Fasteignamarkaðurinn	26
Fasteignamiðlun	29
Fasteignam. Grafarvogs	29
Fasteignam. Hafnarfjarðar	6
Fasteignastofa Suðurnesja	24
Garðatorg	24
Hóll	32
Hraunhamar	10-11
Húsaland	15
Höfði	25
Lyngvík	17
Miðborg	7
Nethús	23
Nýtt fasteignasala	33
Remax	31
Víðskiptahúsið	30
X-Hús	14
Þingholt	8

SMÁAUGLÝSINGAR
byrja í dag á bls. 34

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

allt - fasteignir

hús.öfl.

Garðyrkja að vetri BLS. 2
Öðruvísi rúmgaflar BLS. 3

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið var hannað af Sigurði Þorvarðarsyni.

Glæsilegt og vel hannað einbýlishús

Fasteignasalan Eignakaup er með til sölu vel hannað 338,2 fermetra einbýli með innbyggðum bílskúr í Jóruseli 4 í Seljahverfinu í Breiðholti.

Komið er inn í anddyri með flísum á gólfi. Fataskápur úr dökkri tabac-eik með spegli á milli. Eikarhurð með frönskum gluggum er í anddyri. Úr anddyri er gengið inn í parkettlagt hol. Í holi eru tvö barnaherbergi með teppi á gólfum. Gestasalerni er með sturtuklefa. Dökkar eikarinnréttingnar og flísar á gólfi. Úr holi er gengið inn í borðstofu og stofu. Úr stofu er útgengt á svalir. Af svölum er gengið niður út á timburverönd. Úr stofu er innangengt inn í eldhús. Gengt er inn í eldhús á tvo vegu, úr stofu og holi.

Eldhús er með tabac-eikarinnréttingum og korkflísum á gólfi. Flísar eru milli efri og neðri skápa. Siemens keramikhelluborð, ískápur innfelldur í innréttingu, útdregnar hillur og ofn í mittishæð. Koparklædd vifta er í eldhúsi og borðkrókur. Til vinstri í holi er opinn viðarstigi með sersmíðuðu eikar-

handriði upp á efri hæð og niður í kjallara. Við stiga eru svípmiklir afgangir gluggar sem hleypa birtu inn í húsið. Á efri hæð hússins er parkettlagt hol og sjónvarpsstofa með uppteknu lofti. Útgengt er á svalir úr sjónvarpsstofu. Á hæðinni eru þrjú svefnherbergi, hjónaherbergi er með nýju parketi á gólfi og fataskáp með speglum. Tvö barnaherbergi sem búið er að sameina í eitt.

Á hæðinni er þvottaherbergi með flísum á gólfi. Innrétting með hillum og paníllkætt loft. Baðherbergi er á hæðinni með flísum á gólfi og flísadúk á veggjum. Sturtuklefi með mósaikflísum. Sjálfstæð vaskinnrétting og þríhyrningslaga gluggi. Af miðhæð er gengið niður í kjallara þar sem er um það bil 45 fermetra einstaklingsíbúð með sérinnangi. Í kjallara er rúmgóður bílskúr. Sjálfvirkur hurðaðopnari. Bílplanið er hellulagt og upp-hitað.

Hlúð hefur verið vel að húsinu í gegnum tíðina og vandað til allra verka. Garðurinn ásamt hellulögðum stígum í kringum húsið er einstaklega fallegur.

Ásett verð er 42,9 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU

í fasteignum

Byggðalínustöð á vegum Rafmagnsveitna ríkisins er að rísa á svonefndum Teigum á Djúpvogi. Húsið er rúmí 600 fermetrar að stærð og verktakinn Austurverk á Djúpvogi er á lokasprettinum með framkvæmdina. Viðamikill tækjábúnaður er í húsinu.



eyrinni. Húsið hefur algerlega verið tekið í gegn undanfarna mánuði og verður væntanlega tilbúið fyrir sumarið. Nýlega var opnuð kjörbúðin Lækjargarður á Borðeyri og stefna eigendur að því að opna þar veitingahús með vorinu. Þá hefur uppbygging Riis-hússins á Borðeyri staðið yfir í nokkurn tíma en það er eitt elsta uppistandandi hús á Ströndum. Af fréttavefnunum strandir.is.

fasteignir@frettabladid.is



Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

allt
hús o.fl.

Garðrækt

Haustrækningur fara nú að gægjast upp úr beðunum og því er tilvalið að nota tækifærið í hlýindunum og þrifa beðin. Einnig er sniðugt að hreinsa dauð lauf og önnur óhreinindi af lóðinni svo grasið geti notið sólarinnar óhindrað.



Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vonduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundaró hús hafa venú byggð.

eiðingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimill.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimill - BJÁLKAHÚS EHF / Króksháls 5A, 110 R, s: 511-1818



Fissler
pottar og pönnur
- finndu muninn!

búsáhöld



KRINGLUNNI
sími 568 6440



Guðlaug er lagnin með klippigræjurnar. Hún segir nauðsynlegt að klippa limgerði að vetri sem sumri.

GÍTARINN EHF.

www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 - SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

Erum að taka upp nýja sendingu



Rafmagnsgitarpakki
verð frá kr. **27.900**

Rafmagnsgítar,
magnari, poki, ól,
snúra og gítarneglur.

Þjóðlagagítar
frá kr. 14.900

Trommusettt með öllu,
ásamt æfingarploáttum
og kennslumyndbandi
rétt verð kr. **79.900**
tilboðsverð kr **59.900**

BJÓÐUM UPPÁ RÁÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

Góður tími til runnaklippinga

Nú liggur gróður í dvala og þá er gott að grófklippa limgerðin. Við hittum Guðlaugu Þorsteinsdóttur garðyrkjufræðing að störfum vestur í bæ. Hún átti ýmis góð ráð í pokahorninu.

„Það er nauðsynlegt að klippa limgerði bæði að vetri og sumri. Grófklippa að vetrinum en finklippa á sumrin,“ eru fyrstu heilræðin hjá Guðlaugu. Hún kveðst klippa sem næst því sem áður hafi verið gert til að halda lögnum en suma víðirunna taki hún alveg niðri við jörð til að láta þá endurnýja sig. „Það er ágætt að gera það svona á tíu ára fresti,“ segir hún.

Guðlaug hefur sinnt starfi garðyrkjufræðings í sex ár. Nú er hún hjá borginni og hefur aðalumsjón með Hljómskálagarðinum og Einarsgarði, milli Hringbrautar og Laufásvegjar. En hún og stóllur hennar í sömu stétt hafa samvinnu þegar kemur að grófum klippingum og vestur á Aflagranda var hún þegar við fundum hana.

Guðlaug segir misjafnt eftir tegundum hvernig best sé að klippa. Huga verði að þéttleika og ákveða hvernig limgerðið eigi að vera í lögum – bylgjött eða beint. „Víðitegundir vaxa yfirleitt hratt svo oft þarf að taka fram klippurnar til að halda honum í skefjum. Mispill vex hins vegar hægt og honum hlífir maður meira. Samt verður að klippa hann vel á hliðun-

um til að láta hann þetta sig. Kvistir eru yfirleitt snyrtir þannig að dauðar og sverar greinar eru klipptar burt en lögnum er látin halda sér. Maður þarf að þekkja kvistina áður en maður leggur til atlögu við þá til að spilla ekki blómgun því það er misjafnt hvort tegundirnar blómgast á fyrsta eða öðru ári,“ segir Guðlaug og bendir almenningi á að langöruggast sé að ráðfæra sig við fagfólk áður en farið sé út í klippingar. „Aðgerðir geta bæði verið of og van og oft kemur maður í garða þar sem maður óskar þess að fólk hefði hringt fjórum árum fyrr,“ segir hún. Bætur svo við að lokum: „Við gerum ekkert kraftaverk á einum vetri. Þetta er stanslaus umhirda allan ársins hring.“

gun@frettabladid.is

Happdrætti Húsnæðisfélagsins SEM. Úrdráttur 24. febrúar 2005



Bifreið Toyota Corolla H/B 1.4 ltr 5 girar kr. 1.790.000

25478

Ferðavinningar frá Úrval Útsýn kr.150.000

730	25980	32051	49015	57718	61281	76732	86277	107789	112588
10699	28870	44558	49295	58426	68923	80397	90101	108097	113595
16984	29006	46525	50105	58838	72803	82130	90869	108571	117193
22752	31515	46558	52486	58857	74355	84942	91422	110584	118820
23099	31722	48414	52633	59817	75501	85233	101566	111404	119631

Ferðavinningar frá Úrval Útsýn kr. 50.000

617	13712	23940	37842	48871	62484	70031	83981	96691	109309
1153	14021	24613	38616	50308	62862	70129	85121	96739	109821
2259	15548	25208	39343	50634	62980	70526	85436	97041	111275
2890	15583	25232	39378	51461	63257	70561	86278	97345	111324
3841	15924	25694	40612	51940	63304	71952	86927	97739	111598
4169	16416	25954	40779	52234	63411	72250	87905	98005	111791
5478	16695	26220	40816	52358	63941	72844	88497	98197	113585
5748	16868	26547	41351	52861	65508	73044	88635	98486	114173
5761	17618	26657	42325	53413	65620	73628	89102	98796	114239
6400	17835	27644	42371	53590	65882	73773	89212	98983	114517
6474	18365	28299	42414	54215	65931	74149	89278	99444	115377
7193	18392	28718	42670	55120	66042	74835	89990	99804	115676
7401	18649	31038	43069	55870	66216	74839	90048	99877	115709
7529	18884	32071	44454	56369	66271	75648	90588	100146	115757
7616	19293	32688	44481	56385	66358	76510	90602	100433	116278
7782	19717	32930	44566	56389	66426	77056	90621	100596	116909
8377	19764	33122	44797	56739	66870	77157	90771	100798	117021
8694	20885	33361	45520	57293	67586	77684	91191	101461	117073
9554	21032	34375	45568	58345	67726	77706	91205	101619	117506
9815	21109	34382	46265	58764	68080	77743	91347	102042	117560
9833	21781	34861	46280	58875	68175	77979	91585	102891	117600
10000	21801	35111	46783	58951	68381	77998	91975	102895	119268
10043	22121	35781	46874	58985	68415	78724	92366	103618	119420
10542	22361	35935	46935	59847	68952	80130	92417	105548	120006
10680	22565	36118	47032	59895	69068	81395	93511	106552	120013
11024	23103	37280	47270	60209	69383	81660	94424	107471	120045
11083	23385	37298	47593	60434	69398	82252	94513	107539	120391
12065	23485	37363	47790	60525	69412	82851	94522	107953	120394
12341	23586	37379	47977	61116	69615	83046	95475	108079	120400
13052	23786	37660	48229	61705	69681	83594	96518	108452	120775

Vinninga ber að vitja innan árs. Upplýsingasími 5811250, og á heimasíðu félagsins sem.is
Þökkum ómetanlegan stuðning
Birt án ábyrgðar

Mikið úrval af sófasettum



Rebecca



Barbara

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

REYKJAVÍKURVEGI 66 • HAFNARFIRÐI • SÍMI 565 4100



Það er mjög sniðugt að ramma rúmið inn með garðskýli eða einhverju öðru smekklegu.

Öðruvísi rúmgaflar

RÚMGAFLAR ÞURFA EKKI AÐ VERA ÖPÆGILEGIR OG ÓFRUMLEGIR.

Rúmgafl setur svo sannarlega sinn svip á rúmið og allt herbergið sem það er í. Rúmgaflar virðast oft allir vera eins þegar leitað er að rúmunum en það er algjör óþarfi að gefa upp vonina. Leyfðu ímyndaraflinu að leika lausum hala og búðu til þinn eigin rúmgafl. Ekki er vitlaust að endurnýta hluti sem hefðu annars lent í ruslinu.

- Gamalt hvítt grindverk. Ef þú ert að skipta um grindverk, ekki henda því gamla. Taktu þér sandpappír í hönd, þússaðu það vel upp og lakkaðu það í þeim lit sem þú vilt. Mældu breiddina á rúminu þínu og láttu grindverkið smellpassa við breiddina. Þá er kominn hinn finasti frumlegi rúmgafl.

- Gömlum hlutum bjargað. Ef þú vilt losa þig við arinhillu eða skreytingu fyrir ofan hurð skaltu ekki henda þeim hlutum. Þeir geta nýst vel fyrir ofan rúmið sem eiginlegur rúmgafl. Passaðu bara að hengja stykkið nógu hátt upp svo þú rekir ekki höfuðið í það. Festu það síðan vandlega og sofðu vel.

- Koddahimnaríki. Taktu gömlu gardínustöngina úr geymslunni og hengdu hana fyrir ofan rúmið. Festu tvo koddar á hana og láttu þá hanga niður hlið við hlið. Þeir mynda skemmtilegan rúmgafl sem er líka rosalega þægilegur. Gott er að festa höldur á púðana þannig að auðvelt sé að renna þeim á gardínustöngina.

- Gamalt garðskýli. Alls ekki henda gamla garðskýlinu þínu ef þú lumar á einu slíku. Þússaðu það upp og lakkaðu og festu það vel og vandlega þannig að það ramma endann á rúminu inn. Þá verður rúmið eins og lítið hús sem þú býrð í og veitir vissu öryggi og þér finnst þú alltaf vera ein(n) í heiminum. Auðvitað er líka hægt að nota eitthvað annað til að ramma rúmið inn – notaðu bara ímyndaraflid!

Með lýríkina í ljóranum

Sandblástursfilmur í glugga bjóða upp á óendanleg frumlegheit.

Frumlegheit og sniðugar lausnir eru það sem allir vilja inn á heimilin sín og nú getur fólk látið hugmyndaflugið ráða þegar kemur að rúðum í anddyri og baðherbergjum. Hjá Memó ehf. eru fánlegar sandblástursfilmur í glugga sem hægt er að fá eftir máli og að hugmyndum hvers og eins. „Þetta eru filmur sem eru settar í gluggana þannig að rúðan lítur út eins og sandblásin og svo skerum við út í filmuna það sem fólk vill,“ segir Einar

Sigurðsson, framkvæmdastjóri Memó.

„Í anddyrinu er vinsælt að vera með húsnúmer og nöfn þeirra sem búa í húsinu og í baðherbergisgluggana eru ljóðlínur og málsættir mjög vinsæl.



Hér hafa verið skorin út ljóð og málsættir í stofugluggann.

Það allra nýjasta er svo að við getum skorið út ljósmyndir í filmuna.

Við erum að fá margar sniðug-

ar pantanir og hvetjum fólk til að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn og hafa þetta frumlegt og persónulegt.“ ■




Ávextir skormir í sandblástursfilmur.

Settu þig í stellingar fyrir betri svefn



AF HVERJU GRAVITY ZERO?

- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fánlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur og þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er 4 sinnum meiri en öflugustu botnar sem eru í boði í dag, meiri kraftur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastillir á fótasæði hefur aldrei verið meiri.
 - Mótur er prófaður og viðurkenndur sem læknaþæki frá Nemko - Germany.
 - Botn m/ 2 nudd móturum og tímarofa.



www.design.is @ 2005



Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarks slökun og þannig dýpri og betri svefni.

Keramík fyrir alla

Barnaafmæli Bekkjarferðir



Frábær skemmtun fyrir allan hópinn. Tilboðspakkar

Keramík og pizza frá kr. 990 á mann.

Keramík fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48B. Sjá lýsingu: www.keramik.is

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Nýjar íbúðir til

Parhús

BAKKAGERÐI – REYÐARFIRÐI

Glæsilega hönnuð tæplega 160 fermetra parhús með sérstæðum bílskúrum. Húsin eru klædd með báru-málmklæðningu og lítaðri viðarklæðningu að hluta. Íbúðum er skilað fullbúnum að utan, með grófjafnaðri lóð og rúmlega foheld að innan. Húsin eru á fallegum stað með góðu útsýni yfir fjórðinn.



Raðhús

ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI

Glæsileg raðhús á einni hæð, hönnuð af Hróbjartí Hróbjartssyni arkitekt. Húsin eru 86-111 fm, klædd lítaðri álklaðningu. Gluggar verða álklaðdir timbrgluggar. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna nema forstofa, þvottahús og baðherbergi sem verða flísalögð. Íbúar fá aðgang að margvíslegri þjónustu HNLFI. Verð frá 16,9 millj.

KLAPPARHLÍÐ – MOSFELLSBÆ

Raðhúsin við Klapparhlíð 40-44 eru á einni hæð með þremur íbúðum. Íbúðirnar eru 3ja herbergja, um 140 fm, og eru því skemmilegar fjölskylduíbúðir. Innbyggður bílskúr fylgir hverri íbúð auk þvottaherbergis. Íbúðunum er skilað fullbúnum án gólfefna en þvottaherbergisgölf auk baðherbergja eru flísalögð. Verð frá 27,8 millj.

4ra herbergja

HERJÓLFSGATA – HAFNARFIRÐI fyrir 60 ára og eldri

Eigum eftir eina glæsilega hannaða 110 fm íbúð sérhannaða með þarfir 60 ára og eldri í huga. Íbúðin verður afhent fullbúin án gólfefna að undanskildu þvottahúsgölfum og baðherbergi sem verða flísalögð. Húsið er með lyftu og þarfnast lítills viðhalds. Húsið er á fallegum stað við sjávarsiðuna. Verð 21 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.

PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ

Eigum nokkrar glæsilegar tæplega 110 fm íbúðir í 11 íbúða húsi. Húsið er einangrað að utan og klætt með flísum og harðviði. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgölf eru flísalögð. Skóli, leikskóli og ýmis þjónusta í næsta nágrenni. Verð frá 20,1 millj.

SMÁRAFLÖT 1 - AKRANESI

Vorum að hefja sölu á 100-106 fm íbúðum í átta íbúða tveggja hæða húsi. Sérinnangangur er í hverja íbúð. Íbúðum er skilað fullbúnum, parket á gólfum, en flísar á anddyris-, geymslu-, baðherbergis- og þvottahúsgölfum. Verð frá 16,4 millj.

3ja herbergja

KLAPPARHLÍÐ – MOSFELLSBÆ fyrir 50 ára og eldri

Fallegar 110-120 fm íbúðir, hannaðar sérstaklega með þarfir 50 ára og eldri í huga. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna að undanskildum þvottahúsgölfum og baðherbergjum sem verða flísalögð. Húsið er með lyftu og þarfnast lítills viðhalds. Það er staðsett í fallegu umhverfi með skjólgóðu útivistarsvæði. Verð frá 18,9 millj.

PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ

Eigum eftir aðeins tvær tæplega 100 fm íbúðir. Húsið er einangrað að utan og klætt með flísum og harðviði. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvotta-húsgölf eru flísalögð. Skóli, leikskóli og ýmis þjónusta í næsta nágrenni. Verð frá 17,9 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.

SMÁRAFLÖT 1 - AKRANESI

Vorum að hefja sölu á 85-100 fm íbúðum í átta íbúða tveggja hæða húsi. Sérinnangangur er í hverja íbúð. Íbúðum er skilað fullbúnum, parket á gólfum, en flísar á anddyris-, geymslu-, baðherbergis- og þvottahúsgölfum. Verð frá 14,4 millj.

2ja herbergja

SMÁRAFLÖT 1 - AKRANESI

Eigum eina tæplega 80 fm íbúð í átta íbúða tveggja hæða húsi. Sérinnangangur. Íbúðinni er skilað fullbúinni, parket á gólfum, en flísar á anddyris-, geymslu-, baðherbergis- og þvottahúsgölfum. Verð frá 13,6 millj.

HERJÓLFSGATA – HAFNARFIRÐI fyrir 60 ára og eldri

Glæsilegar 77 til 97 fm íbúðir hannaðar með þarfir 60 ára og eldri í huga. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna að undanskildum þvottahúsgölfum og baðherbergjum sem verða flísalögð. Húsin eru með lyftu og þarfnast lítills viðhalds. Þau eru á fallegum stað við sjávarsiðuna. Verð frá 17,9 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.



— Þessir hlutir fylgja ekki með íbúðum.

www.iav.is

Staðsetningar í boð

HERJÓLFSGATA – HAFNARFIRÐI

ÍAV byggja stórglæsilegar íbúðir við sjávarsiðuna í Hafnarfirði. og eldri. Húsin eru fjögurra hæða með 48 íbúðum auk húsvarð ráð fyrir að þjónustukjarni (salur) verði starfræktur í miðju hús álklaðningu. Gluggar eru álklaðdir timbrgluggar. Öll hönnun í



Mjög mikið er lagt upp úr gæðum íbúðanna. Dyrásimar eru tei hljóðeinangrunar í allri íbúðinni að undanskildum baðherbergju

KLAPPARHLÍÐ – MOSFELLSBÆ

Húsið er glæsilega hannað 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu. Húsið að hluta harðviði og þarfnast því lítills viðhalds. Sérinnangangur verð verður í bílageymslu í kjallara þar sem sérbílastæði fylgir flestum fyrstu hæð hafa sérafnotarétt af hluta lóðar. Allar svalir snúa í suð



PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ



Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergja eru flísalögðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Sjónv Sér þvottahús eru í öllum íbúðum. Val er um þrjár viðartegundir er í forstofuhurð. Heimilistæki eru frá AEG eða sambærileg, með

Nánari upplýsingar

Söludeild okkar er að Höfðabakka 9, sími **530 4200**. Einnig eru ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar www.iav.is.

Breytingar á íbúðum

Innréttingar eru sérlega vandaðar en óski kaupandi eftir að hanna þær þurfa þó að koma fram í tíma. Ítarleg kaupendahandbók fyl

sölu hjá



fyrir 60 ára og eldri

Þú getur að ræða íbúðir í þremur stigagöngum fyrir 60 ára íbúðar. 44 bílastæði eru í bílageymsluhúsi og gert er u. Húsin eru einangruð og klædd að utan með litaðri þar að því að viðhald verði í lágmarki.

Mikið hefur verið lagt upp úr hönnun íbúðanna. Staðsetningin er einstök og því var t.d. lögð áhersla á að allar íbúðir hefðu sjávarútsýni.

Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergjum og þvottahúsgölfum sem eru flísalögð. Veggir baðherbergja eru flísalagðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Sjónvarpsloftnets- og símatenglar eru í stofu og svefnherbergjum. Sérþvottahús eru í öllum íbúðum. Val er um þrjár viðartegundir í spónlögðum vönduðum innréttingum og hurðum. Heimilistæki eru frá AEG eða sambærileg, með burstaðri stáláferð.

Þú myndavél í anddyri. Gólf eru tvöföld til aukinnar

fyrir 50 ára og eldri

Þú getur einangrað að utan og klætt bárumálmklæðningu og í hverja íbúð af svalagangi með glerskermun. Innangengt útdunum. Sameign verður skilað fullfrágenginni. Íbúðir á



Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna að undanskildum þvottahúsgölfum og baðherbergjum sem verða flísalögð. Sérþvottaherbergi verða í öllum íbúðum. Gólfplötur verða einangraðar undir gólfilögnum til aukinnar hljóðeinangrunar. Kaupendur geta valið um þrjár viðartegundir í hurðum og vönduðum innréttingum. Sjónvarps-, loftnets- og símatenglar verða í stofu og svefnherbergjum. Myndyrasími verður í öllum íbúðum.

ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI nýjung á Íslandi

Þjónustuhús ÍAV við Lækjarbrún í Hveragerði veita þér tækifæri til að njóta lífsins í faðmi einstakrar náttúru og hafa jafnframt aðgang að margvíslegri þjónustu Heilsustofnunar Náttúruvæðingafélags Íslands.



Við kaupin gerast eigendur íbúðanna aðilar að samningi við HNLFI sem veitir þeim aðgang að viðamikilli þjónustu Heilsustofnunarinnar gegn greiðslu mánaðarlegs grunnjalds. Í hverju húsi er öryggishnappur, lóðirnar eru slegnar reglulega og íbúar fá aðgang að baðhúsi, bókasafni og líkamsræktarsal HNLFI. Þá fá íbúar regluleg viðtöl við íþróttatræðing og næringarfræðing, svo nokkuð sé nefnt af þeim þægindum sem íbúar þjónustuhúsanna njóta. Húsin eru sérlega glæsileg, hönnuð af Hróbjartí Hróbjartssyni arkitekt hjá VA arkitektum og eru staðsett rétt við Heilsustofnunina. Rómuð náttúruvegur, friðsæld og nálægð við hvers kyns þjónustu og heilsurækt eru nokkrir af þeim kostum til að njóta lífsins sem bjóðast í Hveragerði. Fallegar gönguleiðir allt í kring, golfvöllur, hesthús og margvísleg afþreying á svæðinu og kyrrð smábæjarins – allt hjálpar til við að gera Hveragerði að sælureit og þjónustuhús ÍAV að ákjósanlegum stað til að búa á.




Dæmi um 100 fm
3ja herbergja raðhús.

■ Þessir hlutir fylgja ekki með íbúðum.



Dæmi um 86 fm
2ja herbergja raðhús.



Dæmi um 111 fm
3ja herbergja raðhús.

SMÁRAFLÖT - AKRANESI



Smáraflöt er fallett hverfi í nýjasta hverfi Akraness. ÍAV voru að hefja byggingu stórglæsilegs fjölbýlishúss með átta íbúðum á tveimur hæðum. Húsið er hannað af Arkitektum Skógarhlíð með þarfir fjölskyldufólks í huga. Burðarkerfi hússins er forsteypt að stærstum hluta. Aðrir hlutar útveggja eru einangraðir að utan og klæddir áklæðningu. Gluggar eru áklæddir viðargluggar. Hönnun hússins miðar að því að viðhald verði í lágmarki. Sérinnangangur er af svalagangi eða beint af jarðhæð í hverja íbúð. Í húsinu er ein 2ja herbergja íbúð auk 3ja og 4ra herbergja íbúða.

Prastarhöfði er fallett og vel staðsett hverfi vestast í Mosfellsbæ. ÍAV eru nú með í byggingu stórglæsileg fjölbýlishús. Húsin eru hönnuð af Arcus arkitektum með þarfir fjölskyldufólks í huga. Húsin eru þrjúgjá hæða með bílastæðum í bílageymslukjallara fyrir flestar íbúðir. Húsin eru einangruð og klædd að utan með flísum og að hluta harðviði. Gluggar eru áklæddir timburgluggar. Öll hönnun miðar að því að viðhald verði í lágmarki. Sérinnangangur er af svalagangi eða beint af jarðhæð í hverja íbúð. Í húsunum eru 3ja og 4ra herbergja íbúðir. Ath. mynd er af Prastarhöfða 4-6.

erbergjum og þvottahúsgölfum sem eru flísalögð. Veggir psloftnets- og símatenglar eru í stofu og svefnherbergjum. spónlögðum vönduðum innréttingum og hurðum. Gler urstaðri stáláferð.

úðina að eigin smekk tökum við vel í slíkar óskir. öllum íbúðum ÍAV.



Eiður Arnarson

Viggó Jörgensson
lögg. fasteignasali

Sigursveinn Jónsson



Geir Þorsteinsson



Sonja Magnúsdóttir

Strandgötu 41 - 220 Hafnarfjörður - www.fmh.is

OPIÐ VIRKA DAGA 9.00 - 18.00

HÆÐIR

STRANDGATA - 220 HAFNARFIRÐI
